# FRÉTTABLAÐIÐ

251. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 27. OKTÓBER 2015




**Látinna minnst** Í gær voru tuttugu ár liðin frá snjóflóðinu á Flateyri. Minningarathöfn var haldin í Flateyrarkirkju af því tilefni og fjölmenntu bæjarbúar. Að lokinni athöfn var kveikt á kertum við minnisvarða um þau tuttugu sem fórust í flóðinu. MYND/HAFÞÓR

Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Fulltrúar ÖBÍ skrifa um fordóma, fátækt og fjárlög. 14-18

**SPORT** Stelpurnar okkar fóru illa með Slóveníu ytra. 20

**MENNING** Grafíklist á Akureyri og Mamúska í Frankfurt. 26-28

**LÍFIÐ** Saknaði kærustunnar og samdi lag. 32-34

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


Skikkjudagur:
50% afsláttur
af öllum skikkjum í dag.
Opið til 20 í kvöld.
Finndu okkur á
PARTÝBÚÐIN
Faxafeni 11 • Sími 534 0534


## Tíu stærstu fyrirtækin veltu minna árið 2014

**FYRIRTÆKI** Tíu stærstu fyrirtæki landsins miðað við tekjur voru með tæplega 900 milljarða í tekjur á síðasta ári samkvæmt lista Keldunnar yfir 300+ stærstu fyrirtæki landsins.

Tekjur fyrirtækjanna drógust saman um tæpa 80 milljarða milli ára. Icelandair Group er stærsta fyrirtæki landsins miðað við tekjur annað árið í röð en fyrirtækið velti 142 milljörðum króna árið 2014.

Hagnaður afkomumestu fyrirtækjanna árið 2014 jókst hins vegar milli ára. Afkomumestu fyrirtækin voru viðskiptabankarnir þrír. Landsbankinn hagnaðist um 29 milljarða króna, Arion banki fylgdi fast á eftir með 28,6 milljarða og Íslandsbanki með 22,8 milljarða. Auk bankanna eru orkufyrirtækin fyrirferðarmikil á listanum.

Hagnaður tíu afkomumestu fyrirtækjanna árið 2015 hefur batnað milli ára um tæplega 45 milljarða, en hann nam 99,4 milljörðum árið 2013. – sg / sjá síðu 10

# Flestar tilkynningar eru vegna vanrækslu

Sextíu prósent tilkynninga um vanrækslu til Barnaverndar eru aldrei rannsökuð.

**SAMFÉLAG** Tæplega fjörutíu prósent tilkynninga til Barnaverndar eru vegna vanrækslu barna. Um er að ræða rúmlega 1.600 tilkynningar.

Tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar. Um sextíu prósent tilkynninga vegna vanrækslu eru aldrei rannsökuð.

Dæmi um tilkynningar vegna vanrækslu eru allt frá því að barn er sent eitt út í búð eftir að útivistartíma lýkur yfir í stórfellda vanrækslu þar sem foreldri sinnir ekki grunnþörfum barns síns. Hlutfall tilkynninga þar sem fram kom að foreldrar voru í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu var 11,8 prósent. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis var 26,5 prósent fyrir sama tímabil á árinu 2015.

„Það þarf að hafa í huga að þegar verið er að tilkynna um vanrækslu er oftast um að ræða ítrekuð tilvik en ekki einangruð. Það geta t.d. allir foreldrar gleymt að senda viðeigandi fatnað í leikskólann án þess að það teljist vanræksla,“ segir Steinunn Bergmann hjá Barnaverndarstofu. – kbg / sjá síðu 4

> **Það þarf að hafa í huga að þegar verið er að tilkynna um vanrækslu er oftast um að ræða ítrekuð tilvik en ekki einangruð. Það geta t.d. allir foreldrar gleymt að senda viðeigandi fatnað í leikskólann án þess að það teljist vanræksla.**



Steinunn Bergmann hjá Barnaverndarstofu

**1.673**
tilkynningar um vanrækslu fyrstu sex mánuði ársins 2015


B
EINSTAKT OPNUNARTILBOÐ





3 RÉTTA KVÖLDVERÐUR
2 GLÖS AF LÉTTVÍNI
6.990 KR.
BORG RESTAURANT
PÓSTHÚSSTRÆTI 11 - 101 REYKJAVÍK
S: 578 2020
BORGRESTAURANT.IS

## Veður




**Í dag** hvessir af suðaustri og austri og má búast við að vindur verði á bilinu 8-15 m/s, hvassast við suðurströndina. Þykknar upp og fer að rigna og hlýnar jafnframt sunnan og vestan til. Fyrir norðan verður hægur vindur og bjartviðri, en skýjað og hlánar víða í kvöld. SJÁ SÍÐU 24



**Frá Landsmóti skáta á Úlfljótsvatni 2012.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Skátar biðja um milljónir

**FÉLAGSMÁL** Mótsstjórn Landsmóts skáta og Bandalag íslenskra skáta vilja að Grímsness- og Grafningshreppur leggi þeim til sem svarar um fimm milljónum króna vegna landsmótsins og mótsins World Scout Moot.

Sveitarstjórnin hefur þegar hafnað ósk um að veita tveggja milljóna styrk og 700 þúsund krónur að auki í kvöldverðarboð vegna landsmótsins sem verður sumarið 2016 á Úlfljótsvatni. Afgreiðslu á tveggja milljóna króna styrkbeiðni skátanna vegna World Scout Moot á árinu 2017 var hins vegar frestað á síðasta fundi sveitarstjórnarinnar. Ofan á þann styrk biðja skátarnir um 500 króna framlag á hvern þátttakanda til að bjóða þeim „Eina með öllu“. Þar að auki óska skátarnir eftir að fá frítt í sund. **– gar**

## Segja stefnuna vera sovéska

**STJÓRNMÁL** Stjórn Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda (SFÚ) telur ályktun Sjálfstæðisflokksins af landsfundinum um sjávarútvegsmál sovéska. SFÚ telur að stefna flokksins byggist á svokallaðri óslitinni virðiskeðju sem þýðir að aðgangi að auðlind er úthlutað til aðila án útboðs á markaði. „Hin „óslitna virðiskeðja“ þar sem einn og sami aðili heldur á öllum þáttum frá veiðum til endanlegrar sölu á sér fyrirmynd í áætlunarbúskap að sovéskum hætti en á lítið skylt við vestrænan markaðsbúskap,“ segir í ályktun stjórnarinnar. **– srs**

## Hafurinn orðinn að ösku




**Eldsvoði** IKEA-geithafurinn sænski varð eldi að bráð í hádeginu í gær, einungis tveimur vikum eftir að hann var settur upp. Það er orðið að nær árvissum viðburði að geitin fuðri upp en í þetta sinn ollu jólaseríur, ekki frá IKEA, tjóninu. Spurning hvort um hafi verið að ræða viljaverk hjá keppinaut í sölu á jólaskrauti. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Ríkið lagði Símann

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið var í gær sýknað af kröfum Símans hf. Árið 2005 var Skipti ehf. stofnað til að kaupa 98,8% hlut ríkisins í Landssímanum sem fjármagnaður var með skuldabréfaláni. Við samruna Skipta ehf. og Símans hf. færðust lánaskuldbindingar Skipta, ríflega 38 milljarðar, inn í Símann.

Árið 2007 var svo stofnað nýtt félag til að taka skuldina yfir og þar með var Síminn í skuld við félagið. Síminn færði vaxtagjöld vegna þessarar kröfu í skattskilum sínum. Mat Ríkisskattstjóra var hins vegar að fjármagnskostnaður sem féll á fyrirtækið vegna lánanna væri ekki frádráttarbær og endurskoðaði opinber gjöld Símans á árunum 2008 til 2012. Þessu vildi Síminn hf. ekki una en varð ekki kápan úr klæðinu og íslenska ríkið var sýknað af kröfum Símans. **– snæ**

# Félagsráðgjafi á LSH lak upplýsingunum

### Grunur Útlendingastofnunar um málamyndahjónaband byggði á upplýsingum frá félagsráðgjafa sem hjónin leituðu til í tengslum við fæðingu dóttur þeirra.

**SAMFÉLAG** Það var félagsráðgjafi á Landspítalanum sem lak upplýsingum um víetnömsku hjónin Thi Thuy Nguyen og Hao Van Do til Útlendingastofnunar. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að þetta komi fram í dagbókarfærslu stofnunarinnar.

Útlendingastofnun óskaði eftir lögreglurannsókn á hjónabandinu þann 4. desember á síðasta ári, tæpu ári eftir að Thuy og Hao gengu í hjúskap og þremur mánuðum eftir að þeim fæddist dóttirin Sandra. Stofnunin grunaði hjónin um málamyndahjúskap. Þá hafði Útlendingastofnun ekki boðað hjónin í viðtal um hagi þeirra.

Ósk stofnunarinnar til lögreglu byggðist meðal annars á upplýsingum frá Landspítalanum um að Thuy væri ung og barnaleg en maður hennar, Hao, óframfærinn.

„Að sögn umbjóðanda míns hittu þau hjónin félagsráðgjafa hjá Landspítalanum í tengslum við meðgöngu og fæðingu dóttur þeirra. Sá ráðgjafi hlýtur að hafa lekið upplýsingum til Útlendingastofnunar,“ segir Björg Valgeirsdóttir, lögmaður hjónanna.

Að sögn hjónanna Thuy og Hao hittu þau félagsráðgjafann eftir fæðingu dóttur þeirra, meðal annars til að greiða úr því hver skyldi bera kostnað af fæðingunni. Í máli þeirra hjóna kom fram að Thuy væri með dvalarleyfisumsókn í ferli, auk þess sem Hao hefur varanlegt dvalarleyfi hér á landi. Því ættu hjónin ekki að þurfa að borga fyrir fæðingu barnsins. „Svo virðist að í kjölfarið hafi þetta símtal til Útlendingastofnunar átt sér stað þar sem upplýsingunum var lekið.“



**Hao Van Do og Thi Thuy Nguyen ásamt dóttur þeirra, Söndru. Thuy hefur nú fengið landvistarleyfi** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Að sögn umbjóðanda míns hittu þau hjónin félagsráðgjafa hjá Landspítalanum í tengslum við meðgöngu og fæðingu dóttur þeirra.



Björg Valgeirsdóttir
lögmaður

Hjónin fengu ríflega 265 þúsund króna reikning eftir fæðingu barns síns, tæpu ári eftir að það fæddist.

Fréttablaðið greindi fyrst frá málinu þann 21. október síðastliðinn. Þá beið Thuy eftir landvistarleyfi sem hafði frestast vegna gruns stofnunarinnar um að um málamyndahjúskap væri að ræða. Í gær, sex dögum eftir að umfjöllun hófst, bárust svo þær fregnir að landvistarleyfið væri í höfn. Búist er við því að Thuy skrifi undir pappíra þess efnis í dag. „Það er dapurlegt að hugsa til þess að málið hafi dregist í allan þennan tíma og að ekki hafi fengist skorið úr um réttindi umbjóðanda míns fyrr en í kjölfar umfjöllunar fjölmiðla um stöðu mála undanfarna daga,“ segir Björg.

Thuy og Hao hafa tekið ákvörðun um að kæra leka Landspítalans til Persónuverndar. Á spítalanum er málið til skoðunar og litið alvarlegum augum að sögn Guðnýjar Helgu Herbertsdóttur upplýsingafulltrúa.

**snaeros@frettabladid.is**






**Það rúmast allt betur í nýjum Golf Variant Metan.**

Hvort sem þú ert á leið í ferðalag, á golfvöllinn eða vilt bara rúmgóðan bíl fyrir fjölskylduna er Golf Variant Metan svarið. Hann er umhverfisvænn, fær frítt í stæði, er ódýr í rekstri og gengur bæði fyrir metani og bensíni. Skiptu yfir í Golf Variant Metan og láttu fara vel um þig og þína.

**Golf Trendline 1.4 TGI Metan beinskiptur:**

**3.190.000 kr.**

**Sjálfskiptur: 3.390.000 kr.**

**Das Auto.**

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Meirihluti tilkynninga ekki kannaður

**Langflestar tilkynningar til Barnaverndar á árinu eru vegna vanrækslu barna. Um 60 prósent tilkynninga eru aldrei rannsökuð. Dæmi um tilkynningar eru allt frá því að barn er sent eitt út í búð eftir mjólk yfir í stórfellda vanrækslu þar sem foreldri bregst skyldum sínum.**

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjanabjorg@frettabladid.is



Flestar tilkynningar til Barnaverndar á fyrstu sex mánuðum ársins 2015 voru vegna vanrækslu eða 38,5% tilkynninga. Tilkynningar voru í heild alls 4.346 svo um er að ræða rúmlega 1.600 tilkynningar.

**Ítrekuð tilvik vanrækslu**

Vanræksla íslenskra foreldra á börnum sínum getur tekið á sig ýmis birtingarform. Steinunn Bergmann hjá Barnaverndarstofu segir vanrækslu skiptast í fjóra flokka, líkamlega vanrækslu, vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit, hugræna vanrækslu og tilfinningalega vanrækslu. Hún segir nauðsynlegt að fjalla um vanrækslu af nærgætni. „Það þarf að hafa í huga að þegar verið er að tilkynna um vanrækslu er oftast um að ræða ítrekuð tilvik en ekki einangruð. Það geta til dæmis allir foreldar gleymt að senda viðeigandi fatnað í leikskólann án þess að það teljist vanræksla. Einnig geta komið upp tilvik þar sem ekki náðist að sinna heimanámi eða senda viðeigandi nesti með í skólann án þess að það flokkist undir vanrækslu.“

**Meirihluti mála ekki könnuð**

Hún segir hvert mál einstakt og engar tvær tilkynningar eins þótt sumar séu af svipuðum toga. „Oft er tilkynning bara ein til tvær setningar en síðan kemur ýmislegt í ljós þegar starfsfólk Barnaverndar rannsakar málið, það kallast könnun máls og miða barnaverndarlögin við að könnun taki ekki lengri tíma en þrjá mánuði. Starfsfólk hefur sjö daga frá því tilkynning berst þar til ákvörðun er tekin um það hvort ástæða sé til að kanna mál.

Það er mikilvægt í svona umfjöllun að hafa í huga að starfsfólk barnaverndarnefnda kannar ekki allar tilkynningar, það er að um 60 prósent tilkynninga eru kannaðar.“



Hátt í tvö þúsund tilkynningar um vanrækslu hafa borist á árinu. MYND/NORDIC PHOTOS

> **Það þarf að hafa í huga að þegar verið er að tilkynna um vanrækslu er oftast um að ræða ítrekuð tilvik en ekki einangruð. Það geta til dæmis allir foreldar gleymt að senda viðeigandi fatnað í leikskólann án þess að það teljist vanræksla.**
>
> Steinunn Bergmann hjá Barnaverndarstofu



## Dæmi um tilkynningar til Barnaverndar um vanrækslu barna á Íslandi



**Tilkynning frá skóla**
**11 ára barn sem mætir illa**
Skóli á höfuðborgarsvæðinu hafði samband vegna 11 ára barns sem mætir illa í skólann og heimanámi er ekki sinnt. Þá kemur barnið ekki með viðeigandi nesti og foreldar sjá ekki til þess að barnið fái skólamat. Starfsfólk skóla hefur áhyggjur af því að barnið fái ekki nógu mikið aðhald heima og foreldrar séu mikið fjarverandi.

**Tilkynning frá leikskóla**
**Illa hirt leikskólabarn**
Leikskólastjóri hafði samband vegna þriggja ára barns sem á erfitt með samskipti við börn og starfsfólk leikskólans. Barnið lendir oft í árekstrum við önnur börn, oftar en ekki vegna leikfanga. Barnið er oft illa hirt, óhreint og í of litlum fatnaði. Oft gleymist viðeigandi útifatnaður og foreldrar bæta ekki úr því þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar þar um. Barnið er næstyngst fjögurra systkina á leikskólaaldri og því er mikið álag á heimilinu. Síðastliðna tvo mánuði hefur starfsfólk tekið eftir marblettum á líkama barnsins.

**Tilkynning frá heilsugæslunni**
**Slæmar aðstæður ófrískrar konu**
Heilsugæslan hafði samband vegna þess að ófrísk kona virðist ekki búa við nógu góðar aðstæður og ekki fær um að útvega nauðsynlega hluti til að undirbúa fæðingu barnsins.

**Tilkynning frá nágranna**
**Dvelur hjá leikfélaga fram á kvöld**
Nágranni hafði samband vegna þess að barn sem er leikfélagi barns hans hefur dvalið á heimili hans fram á kvöld og það næst ekki í foreldra barnsins.

**Tilkynning frá lögreglu**
**Tíu ára úti eftir útivistartíma**
Lögregla hafði samband við bakvakt barnaverndarnefndar vegna 10 ára barns sem var eitt á ferli klukkan 22.00 að kvöldi. Foreldrar sendu barnið út í sjoppu til að kaupa mjólk en útivistartími miðast við að börn undir 12 ára séu ekki á almannafæri eftir klukkan 20.00 yfir vetrarmánuðina.

**Tilkynning frá Útlendingastofnun**
**Barn án forsjáraðila**
Útlendingastofnun hafði samband vegna barns sem er hér á landi án forsjáraðila og umsjáraðilar gátu ekki sýnt fram á viðeigandi pappíra og voru tvísaga um tengsl sín við barnið.

**Tilkynning frá ættingjum**
**Foreldrar í neyslu**
Ættingjar höfðu samband þar sem foreldrar eru í neyslu og ekki færir um að annast níu ára barn sitt. Þeir óska nafnleyndar þar sem þeir óttast hefndaraðgerðir foreldra ef þeir komast að því að ættingjar hafi tilkynnt. Þá óttast þeir að foreldrar slíti tengsl þeirra við barnið og þá hafi barnið engan til að snúa sér til þegar foreldrar eru ekki færir um að annast það.

**Tilkynning frá systkini**
**Fær ekki nóg að borða**
Systkini hafði samband vegna þess að yngra systkini sem býr á heimili móður hefur sagt frá því að lítið sé um mat á heimilinu. Móðir fer ekki á fætur, vekur barnið ekki fyrir skólann og sér ekki til þess að hafa til kvöldmat. Eldra systkinið hefur séð um að kaupa fatnað fyrir systkini sitt auk þess að kaupa í matinn.





20% AFSLÁTTUR Í OKTÓBER

Nicotinell
20% afsláttur af öllu Nicotinell
í Lyfjaveri í október

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

LYFJAVER
APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

Opið mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

Zero Emission

NISSAN
Innovation that excites

# NÝR NISSAN LEAF MEÐ VEGLEGUM KAUPAUKA

## NÚ ER TÆKIFÆRIÐ AÐ TRYGGJA SÉR NÝJAN NISSAN LEAF MEÐ VEGLEGUM KAUPAUKA AÐ EIGIN VALI

**KAUPAUKAR**
**ÞITT ER VALIÐ**

- BÍLALEIGUBÍLL Í ALLT AÐ 15 DAGA*
- HEIMAHLEÐSLUSTÖÐ SEM FULLHLEÐUR RAFHLÖÐUNA Á 4 TÍMUM
- VETRARDEKK



## NISSAN LEAF 100% RAFBÍLL

**VISIA 3.990.000 KR.** **ACENTA 4.190.000 KR.** **TEKNA 4.490.000 KR.**

**Visia:** Hiti í stýri, hiti í fram- og aftursætum, USB og AUX tengi, handfrjáls símabúnaður, bakkmyndavél, lyklalaust aðgengi, 6,6 kW hleðslubúnaður, innstunga fyrir hraðhleðslu, tímastilling á miðstöð, leðurstýri.

**Umfram í Acenta:** 16" álfelgur, litaðar afturrúður, hraðastillir (Cruise Control) með stillingu á hámarkshraða.

**Umfram í Tekna:** 17" álfelgur, miðstöð með varmadælu, 7" snertiskjár fyrir bakkmyndavél, 360° myndavélabúnaður, Bose hljómkerfi, Tekna innrétting, aðkomulýsing.

*Miðast við bílaleigubíl í sama stærðarflokki og Nissan Leaf.

ENNEMM / SÍA / NM71296

GE bílar, Reykjanesbæ, www.gebilar.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080
BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313, 862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á

bilaland.is

ALLT AÐ 90%
FJÁRMÖGNUN




NISSAN JUKE ACENTA
Nýskr. 06.14, ekinn 28 þús. km.
dísil, beinskiptur.
Rnr. 191864.

Glæsilegur bíll
3.190 þús.



CHEVROLET CRUZE LTZ
Nýskr. 10.11, ekinn 60 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.090 þús.
Rnr. 283098.



NISSAN QASHQAi+2 SE 7 sæta
Nýskr. 10.11, ekinn 71 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.780 þús.
Rnr. 142927.



TOYOTA LAND CRUISER 150 GX
Nýskr. 06.14, ekinn 46 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 8.980 þús.
Rnr. 143060.



RENAULT MEGANE SP TOURER
Nýskr. 05.12, ekinn 89 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.370 þús.
Rnr. 131627.



HYUNDAI i30 COMFORT
Nýskr. 06.11, ekinn 88 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.490 þús.
Rnr. 120773.



HYUNDAI i40 STYLE
Nýskr. 06.13, ekinn 40 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.690 þús.
Rnr. 120775.

bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is



## Patricia veldur eyðileggingu og dauða



Starfsmaður á plantekru skoðar skemmdir eftir fellibylinn Patriciu. Yfirvöld í Mexíkó hafa greint frá því að fellibylurinn hafi banað sex manns. Patricia olli mikilli eyðileggingu í Mexíkó, meðal annars á banana- og kókoshnetuplantekrum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Fara ekki til Afganistans af öryggisástæðum

**Minnst 200 manns létust í jarðskjálfta í Afganistan og Pakistan. Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin er tilbúin til að aðstoða á þeim svæðum sem talin eru örugg.**

**AFGANISTAN** „Það er í það minnsta ákveðið að sveitin fer ekki til Afganistans, þar er öryggisástandið þannig að það þykir ekki forsvaranlegt að senda hana þangað,“ segir Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Landsbjargar.

Talið er að minnst 200 manns hafi farist í jarðskjálfta sem átti upptök sín í Afganistan í gær og hafði víðtæk áhrif í Pakistan og fannst á Indlandi. Um 150 manns týndu lífi í Pakistan og meira en fimmtíu í Afganistan. Skjálftinn var 7,5 gráður á richter.

Ríkisstjórn Íslands sendi frá sér tilkynningu í gærkvöldi þar sem lýst var yfir ákvörðun hennar um að senda íslensku alþjóðabjörgunarsveitina á vettvang verði þess óskað. „Sveitin er á því sem kallast „standby“. Þá er verið að yfirfara búnað og gera sig tilbúna,“ segir Ólöf. „Nú bíðum við eftir því hvort það kemur beiðni um aðstoð frá skaðalöndunum Afganistan eða Pakistan. En það eru þó ýmis mál sem þarf að skoða. Það er öryggisástandið og annað slíkt,“ segir Ólöf.

Ekki þykir ekki ráðlegt að senda sveitina til Afganistans. „Við vitum ekki alveg með Pakistan. Við erum í rauninni að bíða eftir upplýsingum frá Sameinuðu þjóðunum varðandi öryggið.“

Björgunarstarf þykir erfitt á skjálftasvæðinu þar sem það er mjög fjalllent. Yfirvöld í Afganistan telja að tala látinna muni hækka þegar björgunaraðgerðir ná til fjallaþorpa en talið er að þau hafi orðið verst úti. stefanrafn@frettabladid.is

### Upptök í Afganistan




Heimild: USGS © GRAPHIC NEWS

50
FIMMTÍU ÁR Á ÍSLANDI
TOYOTA
MEST SELDI BÍLLINN Í 25 ÁR

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# FEITT Á KÖNNUNNI
## OG SMURT MEÐ KAFFINU

Sértilboð á smurþjónustu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota í október.




## 20% afsláttur
Sértilboð á olíum, síum, þurrkublöðum, bílaperum, rúðuvökva, frostlegi og fleiru.*

## 15% afsláttur
af vinnu við smurningu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota út októbermánuð.

## Engin vandamál - bara lausnir.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kauptúni | Kauptúni 6 | Garðabæ | 570-5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri | 460-4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi | 480-8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 19 | Reykjanesbæ | 420-6610 |
| Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | Reykjavík | 540-4900 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík | 440-8000 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Skemmuvegi 16 | Kópavogi | 440-8000 |
| Nethamar | Garðavegi 15 | Vestmannaeyjum | 481-1216 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | Ísafirði | 456-4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki | 455-4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | Húsavík | 464-1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | Egilsstöðum | 470-5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | Reykjanesbæ | 421-6901 |

Bókaðu tíma í dag.
Það er einfalt og fljótlegt.

*Olíur, olíusíur, loftsíur, frjókornasíur, bensín- og hráolíusíur, þurrkublöð, þurrkugúmmí, bílaperur, rúðuvökvi og frostlögur (afsláttur gildir eingöngu með vinnusölu).

# Hlaupið óð yfir þúsundir hektara lands

Nokkur hundruð hektarar af uppgræðslusvæðum bænda og Landgræðslunnar fóru undir jökuleðju og sand í Skaftárhlaupinu á dögunum. Enn er erfitt að meta skaðann. Skemmdir á flóðavörnum minni en óttast var. Línur nú lagðar um viðbrögð við hlaupinu.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Smátt og smátt breyta jökulhlaupin grónu hrauni í eyðimörk. MYND/ÁSKELL ÞÓRISSON

**NÁTTÚRA** Líklegt er talið að Skaftárhlaupið hafi þakið þúsund hektara af grónu landi þar sem fyrri hlaupa hafði ekki gætt til þessa. Talið er að hlaupvatnið hafi þakið um sex til sjö þúsund hektara lands og skilið þar eftir gríðarlegt magn af jökulaur og sandi.

Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri segir um bráðabirgðatölur að ræða enda ekki fært um nema hluta af áhrifasvæði hlaupsins vegna vætutíðar. Vegir séu sums staðar ófærir á afréttum og því séu stór svæði ókönnuð. Þá hafi skýjahula komið í veg fyrir að nýtilegar gervitunglamyndir hafi borist til úttektar á skemmdunum sem flóðið olli.

„Skemmdir á ræktuðu landi hafa ekki enn þá verið metnar vegna þess hve erfitt er að fara um svæðin en alveg er ljóst að nokkur hundruð hektarar af uppgræðslusvæðum bænda og Landgræðslunnar eru nú undir eðju og sandi,“ segir Sveinn.

Skemmdir á flóðavörnum eru ekki eins miklar og Landgræðslan óttaðist lengi vel. Þrír tiltölulega gamlir garðar frá Vegagerðinni hurfu með öllu og tveir garðar frá Landgræðslunni og bændum hurfu einnig. „En það er ljóst að hækka verður suma flóðvarnargarða. Virkni þeirra hefur minnkað þar sem farvegir við þá hafa hækkað mikið vegna framburðar, og því mun meiri hætta á að næsta Skaftárhlaup flæði yfir þá, verði það ámóta stórt eða stærra en það sem er nýlokið.“

Stærð Skaftárhlaupsins kom flestum á óvart – svo virðist sem það hafi verið um helmingi stærra en stærstu hlaupin til þessa. Sérfræðingar telja líklegt að eitthvað mikið hafi breyst í eystri Skaftárkatlinum sem hljóp tveimur árum seinna en hingað til – eða fimm árum eftir síðasta hlaup.

Sveinn segir ljóst að ef hlaupin úr eystri katlinum hafi fundið sér nýjan takt – og verði því mun stærri í framtíðinni – þýði það aðeins eitt.

> ... alveg ljóst að nokkur hundruð hektarar af uppgræðslusvæðum bænda og Landgræðslunnar eru nú undir eðju og sandi.
>
> Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri



„Það þýðir að enn stærri gróðurlendi fara undir sand og jökulaur sem eykur á uppfokið og sandfokið. Það verða lakari loftgæði fyrir íbúa og enn meiri hætta á röskun á umferðaröryggi á hringveginum. Verði næsta Skaftárhlaup ámóta stórt þá mun hringvegurinn lokast um tíma á tveimur stöðum, verði ekkert að gert. Áframhaldandi skemmdir verða á afréttunum og tún og ræktunarlönd bænda halda áfram að spillast.“

Landgræðslan hefur unnið fyrstu drög að viðbragðsáætlun og mun kynna hana í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í næstu viku. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að fela því ráðuneyti forræði á nýjum hamfarasjóði sem m.a. verður ætlað að takast á við afleiðingar Skaftárhlaupsins.

„Það yrði óheyrilegur kostnaður að reyna að halda Skaftárhlaupum í skefjum á afréttum og í byggð. Hlaupvatnið verður að fá sitt flóðasvæði, það er óhjákvæmilegt. Lítið verður aðhafst inni á afréttum m.a. vegna þess hve verkefnin þar eru tröllaukin, en þó verður grætt upp land í nánd við Fjallabaksleið nyrðri til þess að sandskaflar loki ekki veginum á tveimur stöðum,“ segir Sveinn en bætir við að næsta vor verði áhersla lögð á að hefta sandfokið næst byggðunum með uppgræðslu og gróðurstyrkingu; verja þau uppgræðslusvæði með görðum og styrkja núverandi flóðvarnargarða eins og t.d. þá sem verja Meðallandið.“


BOSCH

Glæsileg uppþvottavél á tilboðsverði.



Uppþvottavél, hvít

SMU 55M12SK

Hljóð 44 dB. Fimm kerfi: Kraftmikið 70° C, sjálfvirkt kerfi 45 – 65° C, Eco 50° C, TurboSpeed (20 mínútur á 60° C) og skolun. Sérkerfi: Tímastytting þvottakerfa. Fyrir 13 manna borðbúnað.

Tilboðsverð: 109.900 kr.

Fullt verð: 149.900 kr.

Þú sparar 40.000 kr.



Uppþvottatöflur frá Finish fylgja með öllum Bosch uppþvottavélum.

BOSCH BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090




Eitt frístundahúsanna við Elliðavatn sem Orkuveitan vill að hverfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Segir OR þjarma að þeim

**LÓÐAMÁL** „Orkuveitan er núna loksins að sýna vígtennurnar til að þjarma að okkur og neyða burt,“ segir Garðar Briem, einn eigenda frístundahúsa í landi Orkuveitu Reykjavíkur við Elliðavatn.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu 24. september vill Orkuveitan að sumarhús á 26 leigulóðum á gömlu Elliðavatnsjörðinni hverfi þaðan vegna vatnsverndarsjónarmiða. Orkuveitan bendir á að samið hafi verið um áframhaldandi leigu við 21 sumarhúsaeiganda á árinu 2004 til sjö ára með þeim skilmálum að eigendurnir myndu að leigutímanum liðnum fjarlægja húsin. Samningarnir voru framlengdir um eitt ár árið 2011 en eru síðan fallnir úr gildi.

Húseigendurnir telja leigusamninga enn í gildi og kærðu Orkuveituna til kærunefndar húsamála sem vísaði kærunni frá. „Við viljum ekki og ætlum ekki að ganga fram með offorsi en okkar framtíðarsýn í vatnsvernd er skýr og henni munum við fylgja,“ sagði Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, í Fréttablaðinu 24. september.

Garðar Briem segir húseigendurna ekkert hafa heyrt frá Orkuveitunni að undanförnu. Lögmaður húseigendanna sé nú með mál þeirra á sínu borði og það sé á viðkvæmu stigi. **– gar**


BÍLSKÚRSDAGAR
MÚRBÚÐARVERÐ
Gegnheil postulínsflís
20% afsláttur
KAI Grá bílskúrsflís 33x33 cm
1.890 pr. m²
1.512
ENGAR SKRÚFUR!
20% afsláttur
MARC-LEO5
Leo hillueining. 100x30x185cm. 5 hillur
6.990 5.592
MARC-LEO1 Leo hillueining.
75x30x135cm. 4 hillur
4.990
Marc-Leo4 100x40x185cm 5 hillur
7.995
20% AFSLÁTTUR
Black&Decker
háþrýstidæla max bar 130
29.990
23.992
1700W, 370 lítr./klst.
Þolir 50°C heitt vatn
5,5 metra barki,
sápubox
20% afsláttur
COL-25004 Hágæða
Veggjamálning 4 L
4.795 3.836
20% afsláttur
COL-73003. Gólflakk 3 L
4.995 3.996
20% AFSLÁTTUR
ABO reykskynjari
með rafhlöðu
1.890
1.512
20% AFSLÁTTUR
7.192
Hraðastilltur slípi-
& bónrokkur 1100W
8.990
20% AFSLÁTTUR
Járnbúkkar sett=2 stykki
3.752
4.690
Taur-64404 Strekkiband 2stk 1" x 180cm
1.850 1.480
20% AFSLÁTTUR
Taur-64301 Strekkiband 2stk 1,8m
1.290 1.032
20% AFSLÁTTUR
Protool fjölnota verkfæri 220W með 37
fylgihluti í tösku
11.990
8.993
20% AFSLÁTTUR
TY2007K
Vinnuljóskastari
m handf 400W ECO pera,
1,8m snúra
3.290
2.632
T38 Vinnuljós
4.990
3.992
20% AFSLÁTTUR
10 metra rafmagnssnúra
2.590
2.072
20% AFSLÁTTUR
Drive útdraganlegt
rafmagnskefli
15 metra
11.990
9.592
Lokað slönguhjól 20m 1/2"
9.780
7.824
20% AFSLÁTTUR
Sha-YJD-A-5 Fluor lampi
8W 230V
2.490
1.992
20% AFSLÁTTUR
Tact-320020 Tactix Smáhlutabox 4stk
1.799
1.439.
20% AFSLÁTTUR
Drive toppasett 17 stk 1/4"
990
792
20% afsláttur
20% AFSLÁTTUR
Gua 539-1 með veggstál-
plötu, grind fylgir, 1mm stál
16.990
13.592
25 stk. 110 lítra ruslapokar 995 796
Einnig 200lítra 10 stk. kr. 795 (65my)
20% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR
Rafmagnshitablásari
2Kw 1 fasa
6.890
5.512
20% AFSLÁTTUR
2.190
1.752
Meister upphengi festing
225
20% AFSLÁTTUR
Gluggaþvottakústur, gegn
um rennandi 116>180cm,
hraðtengi með lokun
2.690
2.152
Semko iðnaðarkústur
40cm 150cm skaft
1.295
1.036
20% AFSLÁTTUR
Strákústur
30cm breiður
795
G B003 með
hjólum 28 lítra 49x36x28cm
1.470 1.176
20% afsláttur
1.719
G 002 með hjólum 52
lítra 58x42x34cm
2.149
20% afsláttur
Rúðuvökvi -18°C, 4 l.
740
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
Reykjavík Kletthálsi 7 Opið virka daga kl. 8 -18, laug. 10 -16
Reykjanesbær Fuglavík 18 Opið virka daga kl. 8 -18
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# Tekjur stærstu fyrirtækja drógust saman

**Tekjur tíu tekjuhæstu fyrirtækja landsins árið 2014 námu tæpum 900 milljörðum á síðasta ári og drógust saman um tæpa 80 milljarða milli ára. Hagnaður afkomumestu fyrirtækjanna árið 2014 jókst milli ára. Viðskiptabankarnir þrír högnuðust mest árið 2014.**

**FYRIRTÆKI** Icelandair Group er stærsta fyrirtæki landsins miðað við tekjur árið 2014 samkvæmt lista Keldunnar sem birtist í gær. Fyrirtækið velti 142 milljörðum króna árið 2014. Marel er í öðru sæti á listanum með 110 milljarða í tekjur og Icelandic Group í því þriðja með tæplega 90 milljarða. Samtals veltu tíu stærstu fyrirtæki landsins 883,9 milljörðum króna á síðasta ári. Árið 2013 veltu þau hins vegar 962,7 milljörðum króna. Útflutningsfyrirtæki vega þyngst á topp 10 listanum. Styrking krónunnar gæti því hafa spilað inn í lægri veltu á síðasta ári.

Stærstu fyrirtæki landsins breytast lítið milli ára. Ef listi Keldunnar er borinn saman við lista Frjálsrar verslunar yfir stærstu fyrirtæki landsins miðað við veltu árið 2013 má sjá að einungis tvö fyrirtæki detta út og tvö koma inn í staðinn; Promens var selt úr landi og dettur því út, einnig dettur Samskip út af listanum. Í staðinn koma Norðurál og Hagar inn.

Samanlagður hagnaður þeirra tíu fyrirtækja sem skiluðu bestu afkomunni, samkvæmt lista Keldunnar, nam 144 milljörðum króna árið 2014. Efst á þeim lista voru viðskiptabankarnir þrír. Landsbankinn var með mestan hagnað eða 29 milljarða króna, Arion banki fylgdi fast á eftir með 28,6 milljarða og Íslandsbanki með 22,8 milljarða. Auk þeirra eru orkufyrirtækin fyrirferðarmikil á listanum. Afkoman hefur batnað milli ára um tæplega 45 milljarða, en hún nam 99,4 milljörðum árið 2013. **saeunn@frettabladid.is**

## Stærstu fyrirtæki landsins miðað við tekjur

Milljarðar króna ■ 2014 (*samkvæmt Keldunni*) ■ 2013 (*samkvæmt Frjálsri verslun*)




*Miðað við tölur frá 2013.

**142 milljarðar**
Tekjur Icelandair árið 2014

## Afkomumestu fyrirtækin

Milljarðar króna




**144 milljarðar**
Heildarafkoma þeirra fyrirtækja sem högnuðust mest á árinu 2014

KYNNINGARFUNDUR – MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM
Nauthóll við Nauthólsveg
Föstudagur 30. október kl. 8:30 – 10:00
Morgunkaffi frá kl. 8:00

Búrfellslundur

Frummatsskýrsla Búrfellslundar, vindmyllusvæðis ofan við Búrfell, liggur nú fyrir. Á fundinum verða helstu niðurstöður kynntar og rætt um möguleg áhrif á umhverfi lundarins.

**Skráning á landsvirkjun.is.**

Fundarstjóri: **Ragna Árnadóttir**, *aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar*

**Rafrænt umhverfismat: Ný leið til samskipta við hagsmunaaðila**
Margrét Arnardóttir, *verkefnastjóri vindorku hjá Landsvirkjun*

**Hvaða áhrif hafa vindmyllurnar á umhverfið?**
Rúnar Dýrmundur Bjarnason, *verkefnastjóri hjá Mannviti*

**Hvernig getur þú komið að málum?**
Jóna Bjarnadóttir, *verkefnastjóri umhverfismála hjá Landsvirkjun*

Rafræn frummatsskýrsla sýnir framkvæmdina og áhrif hennar á myndrænan hátt. Hægt er að skila inn athugasemdum til Skipulagsstofnunar til 26. nóvember nk.

Skýrsluna má nálgast á
**burfellslundur.landsvirkjun.is**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



## NORÐURLÖNDIN




### Banna reykingar á vinnutíma

**1** DANMÖRK Ellefu sveitarfélög í Danmörku hafa bannað reykingar starfsmanna á vinnutíma. Verkefnisstjóri hjá samtökunum Kræftens Bekæmpelse, Niels Them Kjær, segir að vinnuveitendur vilji að starfsmenn verði heilbrigðari. Verkefnisstjórinn kveðst jafnframt vera þeirrar skoðunar að framleiðni aukist vegna þess að færri fari nú í reykpásu. Félagslega sé þetta betra þar sem starfsmenn skiptist ekki í hópa í hléum, þá sem reykja og þá sem eru reyklausir.



### Erfitt að fá kostnað endurgreiddan

**2** NOREGUR Starfsmaður í móttökustöð fyrir flóttamenn í Noregi, Tore Vaagen, óttast að hælisleitendur fari ekki til læknis þótt þeir þurfi þess. Hælisleitendur þurfa nefnilega sjálfir að leggja út fyrir kostnaðinum. Þeir eiga að fá endurgreitt en eru ekki með bankareikning. Bankar og pósturinn viðurkenna ekki skilríki frá norska ríkinu um að þeir séu hælisleitendur. Viðurkennd skilríki þeirra eru oft í höndum lögreglu. Norska ríkisútvarpið greindi frá.

### Ný NATO-samvinna fram undan

**3** SVÍÞJÓÐ Svíar íhuga nú að taka upp samvinnu við NATO á nýjum vettvangi til þess að standa betur að vígi í upplýsingastríðinu í hefðbundnum miðlum og á samfélagsmiðlum. Gera á Svíum betur kleift að greina áróður og lygar á samfélagsmiðlum. Vinnan í NATO á þessu sviði hefur einkum snúist um að greina hvernig Rússar nýta sér áróður. Sjónum er einnig beint að Íslamska ríkinu og hvernig NATO ætti að nýta sér upplýsingar.



**Björgólfur Jóhannsson forstjóri getur glaðst yfir stöðunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tæplega 1,5 milljarða króna velta

**VIÐSKIPTI** Velta með bréf Icelandair Group í Kauphöll Íslands nam 1.480 milljónum króna í gær. Hækkaði gengi bréfanna um 3,63 prósent og stóð í 33,55 krónum á hlut í lok dags. Hefur gengi bréfa í félaginu aldrei verið hærra.

Ástæða mikils áhuga á bréfum Icelandair Group er sú að snemma í gærmorgun birti Icelandair Group tilkynningu með uppfærðri afkomuspá fyrir þriðja fjórðung. Þar kom fram að samkvæmt drögum að árshlutareikningi er afkoma Icelandair Group betri á þriðja fjórðungi en ráðgert hafði verið. Jafnframt hafa afkomuhorfur fyrir fjórða ársfjórðung styrkst og er uppfærð EBITDA-spá félagsins fyrir árið í heild 30 milljónum dala, eða fjórum milljörðum króna, betri en ráðgert var.

Búist er við að rekstrarhagnaðurinn (EBITDA) verði á bilinu 27-27,7 milljarðar króna á árinu. Áður hafði verið búist við því að rekstrarhagnaðurinn yrði á bilinu 23,2-23,8 milljarðar króna.

Samkvæmt drögunum verður rekstrarhagnaður þriðja ársfjórðungs um 150 milljónir dala (19,3 milljarðar króna) samanborið við um 124 milljónir dala (16 milljarða króna) á árinu 2014. Samkvæmt áðurnefndri tilkynningu eru ástæður fyrir betri afkomu á þriðja ársfjórðungi en gert hafði verið ráð fyrir einkum hærri farþegatekjur og lægri eldsneytiskostnaður. Að auki var viðhaldskostnaður lægri en áætlað hafði verið.

Áfram má búast við vexti hjá Icelandair Group því flugáætlun dótturfélagsins Icelandair fyrir næsta ár verður um 18 prósentum umfangsmeiri en í ár. Gert er ráð fyrir að farþegar verði um 3,5 milljónir og muni fjölga um 450 þúsund milli ára. Uppgjör þriðja fjórðungs verður birt á fimmtudaginn. – **jhh**

**19**

**milljarðar er búist við að rekstrarhagnaður verði á þriðja fjórðungi.**


ANTON&BERGUR

ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN



LENGRA LÍF OG SPJALDTÖLVUR

Lífeyrismál 21. aldarinnar

Upplýsingafundur Almenna lífeyrissjóðsins

DAGSKRÁ:

LENGRA LÍF - Í VINNU EÐA Á EFTIRLAUNUM? Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri Talnakönnunnar, fer yfir tillögur tryggingastærðfræðinga um breyttar lífslíkur og áhrif þeirra á lífeyrissjóði.

HVERNIG GETA LÍFEYRISSJÓÐIR BRUGÐIST VIÐ LENGINGU MEÐALÆVI? HVAÐ GERIR ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN? Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri, ræðir mögulegar leiðir fyrir lífeyrissjóði.

HVERNIG GET ÉG STÝRT MÍNUM LÍFEYRISMÁLUM? Sigríður Ómarsdóttir, skrifstofustjóri, segir frá nýjum sjóðfélagavef Almenna lífeyrissjóðsins, sem auðveldar sjóðfélögum að skoða stöðu sína og stýra eigin lífeyrismálum.



STAÐUR:
Hótel Natura, Reykjavík

STUND:
Fimmtudaginn
29. október kl. 20:00–21:30

ANNAÐ:
Kaffiveitingar

SJÓÐFÉLAGAR ERU HVATTIR TIL AÐ MÆTA
skráning á almenni.is

# Ástand heimsins













**1.** Fjöldi stuðningsmanna AKP-flokksins kom saman á samkomu til að hlýða á Ahmet Davutoglu, forsætisráðherra Tyrklands. AKP-flokknum er spáð sigri í kosningunum 1. nóvember en ólíklegt þykir að flokkurinn nái að mynda meirihluta sem gæti þýtt áframhaldandi stjórnarkreppu í Tyrklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**2.** Svarthöfði lætur enn og aftur til sín taka í úkraínskum stjórnmálum. Í þetta skiptið reyndi Svarthöfði við borgarstjóraembættið í Odessa. Þá hefur flokkur Svarthöfða reist styttu í miðborg Odessa af myrkrahöfðingjanum sjálfum í stað styttu af Vladimír Lenín. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**3.** Flóttamannabörn glíma við púsluspil í útileikskóla í Þýskalandi. Verkefninu er ætlað að undirbúa börn flóttamanna og aðlaga þau áður en þau hefja skólagöngu í þýskum leikskólum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**4.** Eyþór Baldvinsson hlaut meiðsli í gær eftir að hafa fallið úr áhaldi á heimsmeistaramóti fimleikafólks í Glasgow. Mótið hófst í gær og lýkur 1. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**5.** Steinríkur sást burðast með bautastein í miðborg Kölnar í síðustu viku. Steinríkur er einn fjölda borgarbúa sem fagnar kjötkveðjuhátíð Kölnarbúa. Steinríkur er þó nokkuð snemma á ferðinni en hátíðahöldin hefjast ellefu mínútur yfir ellefu á ellefta mánuði ársins sem er nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA





THE MORE YOU USE IT
THE BETTER IT LOOKS
Nýr seguldrifinn blandari frá KitchenAid
KitchenAid
FOR THE WAY IT´S MADE
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Vaðlaheiðarvegavinnuáhætta



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Ríkisendurskoðun gaf ríkisábyrgð á Vaðlaheiðargöngum falleinkunn í nýrri skýrslu í síðustu viku. Alþingi vék ákvæðum laga um ríkisábyrgð til hliðar árið 2012 til að fjármagna gangagerðina og 8,7 milljarða króna lán veitt fyrir framkvæmdinni. Samkvæmt lögum hefði ríkisábyrgðasjóður átt að meta tryggingar fyrir þessu láni, en það var ekki gert. Sjóðurinn hins vegar veitti umsögn um lánið, þegar lagt var fram lagafrumvarp sem heimilaði lánveitinguna, þar sem fram kom að tryggingarnar væru ófullnægjandi. Ríkisendurskoðun segir því að hefði verið farið að lögum hefði lánið einfaldlega ekki verið veitt. Litlar líkur eru taldar á, miðað við núverandi aðstæður, að lánið verði endurgreitt að fullu á tilsettum tíma samkvæmt lánasamningi.

Þáverandi fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, segist ekki hafa verið einn um þessa ákvörðun, heldur hafi þingið á endanum samþykkt hana. Hann segir þróun umferðar sýna að göngin muni nýtast næstu hundrað árin, veggjöld muni greiða það upp og ríkið á endanum fá framkvæmdina gefins.

Það er ekki hver sem er sem getur fengið ríkisábyrgð á láni. Í skýrslunni kemur fram að í árslok 2014 hafi ríkisábyrgðir numið samtals 1.213 milljörðum króna. Stærstur hluti þeirra, eða um þrír fjórðu, var vegna lána til Íbúðalánasjóðs og um fjórðungur til Landsvirkjunar. Einungis tveir aðilar hafi fengið endurlán frá ríkissjóði frá árinu 2012: LÍN og Vaðlaheiðargöng hf.

Og það er ekki að ástæðulausu að lög um ríkisábyrgðir voru sett. Talin var þörf á því að meta sérstaklega þegar slíkar ábyrgðir eru veittar hvert greiðsluhæfi skuldara væri, hvaða tryggingar hann hefði fyrir láninu og mögulega hættu á að ábyrgðin falli á ríkissjóð. Slíkt mat og jákvæð niðurstaða er augljós forsenda þess að heillavænlegt sé fyrir ríkið að taka slíka áhættu á sig.

Taka skal fram að þetta verkefni var tekið út úr samgönguáætlun og þannig sett framar öðrum samgöngubótum. Meðal þess sem í staðinn var látið bíða er Sundabraut á Reykjavíkursvæðinu og Vestmannaeyjaferja; verkefni sem í báðum tilfellum myndu nýtast fleirum en Vaðlaheiðargöng.

Þrátt fyrir trú og von ráðherrans fyrrverandi, sem flestir deila, um að verkefnið muni á endanum borga sig er framkvæmdin háð mikilli óvissu. Óvissu um umferðarmagn og greiðsluvilja, uppbyggingu á svæðinu, endanlegan kostnað við byggingu ganganna. Alla þessa óvissu – og áhættu af henni – tekur ríkið á sig með ríkisábyrgðinni. Til þess að takmarka slíka ábyrgð voru lögin sett.

Í skýrslu sinni hvatti Ríkisendurskoðun fjármála- og efnahagsráðuneytið til að hafa tilgang og markmið laganna ávallt að leiðarljósi þegar það leggur fram tillögur um ríkisábyrgðir eða endurlán ríkissjóðs. Auðvitað ber ráðuneytinu, sem og Alþingi, að svara þessari hvatningu og taka ákvarðanir út frá hagsmunum skattgreiðenda en ekki bara þeirra heima í héraði.

> Alla þessa óvissu – og áhættu af henni – tekur ríkið á sig með ríkisábyrgðinni. Til þess að takmarka slíka ábyrgð voru lögin sett.

## Halldór









## Frá degi til dags

**Verið að elta Pírata?**

**Framganga ungs fólks á landsfundum Sjálfstæðisflokksins og VG vakti mikla athygli um helgina. Einnig hefur verið greint frá því að ungt fólk innan Samfylkingarinnar hefur náð álíka árangri. Það er virðingarvert af félagsmönnum að treysta ungu fólki fyrir embættum innan gangverks flokkanna. Líklega má rekja skyndilegt traust á ungu kynslóðinni til mikillar fylgisaukningar Pírata og gífurlegs stuðnings við þá meðal ungra kjósenda.**

**Framsókn fyrir unga fólkið**

**Fjölmiðlar voru afskaplega duglegir við að beina sjónum sínum að unga fólkinu nú um helgina og ætla mætti að flokkarnir hafi með þessu unnið sína heimavinnu og búið sé að svala þörfum ungliðanna. En svo er ekki. Ef stjórnmálaflokkarnir vilja raunverulega sýna að þeir treysti ungu fólki í stjórnmálastarf þurfa þeir að treysta því fyrir þungavigtarembættum á borð við þingmennsku. Hlutfallslega standa Píratar sig best en meðalaldur þeirra þingflokks er 38 ár. Samfylkingin stendur sig einna verst en meðalaldur þingflokksins er 53 ár. Sá flokkur sem hefur þó staðið sig best í að treysta sem flestu ungu fólki er Framsóknarflokkurinn en í síðustu viku voru til dæmis fjórir einstaklingar undir 30 ára á þingi fyrir Framsóknarflokkinn.**

**stefanrafn@frettabladid.is**

# Að lækka byggingarkostnaðinn – Lausnin fundin



Árni Hermannsson
kennari og verktaki

Aldrei sem nú hefur verið jafn erfitt fyrir ungt fólk að koma sér þaki yfir höfuðið. Öllum er ljóst hvað veldur: himinháir vextir, óhagkvæmni smæðarinnar og öfgafull byggingalöggjöf. Það mun alkunna að byggingalöggjöfin nýja er ættuð frá Þýskalandi sem og flest sem frá Evrópusambandinu kemur. Legið hefur lengi fyrir að Englendingar ætla að fara eftir henni, Frakkar skilja hana illa og Ítalir og Spánverjar hafa aldrei heyrt á hana minnst (mun þetta gilda um fleiri reglur sambandsins)!

Á Íslandi eftir bankahrunið var ákveðið að endurskoða gömlu byggingalöggjöfina og innleiða nýjasta nýtt frá Evrópusambandinu. Að því komu þeir opinberir aðilar í byggingageiranum sem höfðu náttúrulega ekkert að gera frá 2008 til 2012 og höfðu því nægan tíma til þess arna. Afrakstur þessa merka starfs er svo strangasta byggingalöggjöf í Evrópu og veldur því að byggingakostnaður er 20 prósentum hærri en hann þarf að vera. Þetta glæsilega útspil var því eitt rothöggið enn fyrir unga fólkið í landinu.

En viti menn! Í liðinni viku skyldi nú taka á vandanum og ráðherrar kölluðu saman til fundar alla þá sem að húsnæðis- og byggingamálum koma, og skyldi nú brjóta vandamálið til mergjar.

Aðalniðurstaða fundarins var sú að félagsmálaráðherrann leysti málið. Ráðherrann sagðist hafa komist að því að lækka mætti byggingakostnaðinn með því að allir aðilar sem að byggingum kæmu, myndu lækka kostnað sinn lítillega og tók sem dæmi að ef 15 aðilar kæmu að húsbyggingu og hver myndi nú lækka sinn kostnað um eitt prósent, þá væri hægt að lækka byggingakostnaðinn um heil 15 prósent! Gerðu ráðstefnugestir góðan róm að þessum frábæru tillögum ráðherrans!

Menntamálaráðherrann hefur verið að bisa við að bæta lestrarkunnáttu ungmenna í landinu en nú býðst honum á næsta ríkisstjórnarfundi fágætt tækifæri til að bæta samfélagið, sem sé að kenna félagsmálaráðherranum prósentureikning!

> Þetta glæsilega útspil var því eitt rothöggið enn fyrir unga fólkið í landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*




# Samtal við eigendur RÚV



Magnús Geir Þórðarson
útvarpsstjóri

Stjórnendur og starfsfólk RÚV er nýkomið úr hringferð um landið, þar sem við héldum afar vel sótta fundi í Borgarnesi, Reykjavík, á Egilsstöðum, Ísafirði, Selfossi og Akureyri. Ferðin var farin vegna áherslu okkar á að opna samtalið við almenning um starfsemi RÚV og hlutverk, enda trúum við því að það sé besta leiðin til að bæta þjónustuna.

Á fundunum sem haldnir voru gafst þjóðinni tækifæri til að spyrja út í einstaka þætti í starfseminni, koma með hugmyndir og ábendingar. Á öllum fundum skynjuðum við sterkt hversu vænt fólki þykir um sitt Ríkisútvarp og hversu þýðingarmikil þjónustan er. Fundarmenn komu með ábendingar, kvartanir og hrós – allt í þeim tilgangi að gera Ríkisútvarp morgundagsins betra en útvarp dagsins í dag.

Við fundum fyrir miklum stuðningi við að verið sé á ný að efla starfsemi RÚV á landsbyggðinni eftir samdrátt á undanförnum árum. Þá lýstu fjölmargir yfir ánægju með aukið framboð af innlendu gæðaefni á kostnað erlendrar afþreyingar. Margir fögnuðu því að búið væri að efla menningardagskrá RÚV og upplýstum við um áform um enn stærri skref í þá átt á næstunni, ekki síst á sviði íslensks leikins efnis. Stóraukin þjónusta við börn, Krakka-RÚV, fékk einnig mikið hrós. Ýmsir dagskrárliðir voru ræddir, þeir gagnrýndir eða þeim hrósað. Sitt sýndist hverjum, eins og vera ber.

## Bætt dreifikerfi

Á hringferðinni varð fundargestum tíðrætt um dreifikerfið enda segir í lögum að RÚV skuli dreifa efni til allra landsmanna óháð búsetu. Margar ábendingar komu fram um hvar dreifikerfið má vera betra og bent á að göt væru í dreifingu útvarps. Dreifikerfi RÚV er viðamikið og hefur því miður ekki verið haldið nægjanlega vel við síðustu ár, sem stafar fyrst og fremst af þröngum fjárhag. Ábendingarnar staðfestu að mikilvægt sé að fylla upp í eyður í dreifikerfinu til að Ríkisútvarpið standi sannarlega undir nafni sem útvarp allra landsmanna en slíkar úrbætur eru þó háðar því að fjárhagslegt svigrúm sé til staðar.

Samantekt með ábendingunum sem fram komu á fundunum er nú að finna á upplýsingasíðunni RÚV okkar allra á rúv.is. Þar er einnig hægt að senda inn fleiri tillögur og hugmyndir.

## Hver á vera framtíð RÚV?

Eins og allir fjölmiðlar í heiminum lifir Ríkisútvarpið í heimi sem breytist hratt. Þetta felur bæði í sér miklar áskoranir og tækifæri. Hlutverk RÚV í nýju og breyttu umhverfi verður áfram mikilvægt þó að starfsemin taki mið af nýjum tímum.

Ríkisútvarpið þarf að þróast með þörfum eigenda sinna, íslensks almennings. Af þessu leiðir að framtíð RÚV á fyrst og fremst að hvíla

**Í væntanlegum þjónustusamningi RÚV og stjórnvalda til næstu fjögurra ára er mikilvægt að stjórnvöld tryggi samræmi milli þjónustunnar sem Ríkisútvarpið á að veita og teknanna sem ætlaðar eru til að standa undir þjónustunni.**

á gæðum verka okkar og hvernig þau snerta fólk. Tilvist RÚV byggist á innihaldinu, sögunum sem við segjum, um okkar samtíma og okkur sem þjóð. Skapa þarf RÚV stöðugan rekstrargrundvöll til framtíðar og það þarf að vera hafið yfir stundarkarp stjórnmálanna frá degi til dags. Í grunninn stendur RÚV fyrir að veita þjóðinni hágæða innlenda dagskrá og öfluga og sjálfstæða fréttaþjónustu. Fjölmiðill í eigu þjóðarinnar þarf að skipta máli og koma að gagni. Þannig höldum við í það traust og trúverðugleika sem hann hefur notið áratugum saman. Samkvæmt mælingum horfa og hlusta daglega 70% þjóðarinnar á rásir RÚV og tæplega 90% í viku hverri, auk þess sem viðhorfskannanir staðfesta ítrekað ánægju þjóðarinnar með Ríkisútvarpið og að RÚV nýtur yfirburðatrausts meðal fjölmiðla.

## Viðsnúningur í rekstri RÚV

Á nýafstöðnum fundum okkar úti um land var mikið spurt út í þröngar fjárhagslegar skorður sem Ríkisútvarpið hefur búið við á liðnum árum og uppsafnaða yfirskuldsetningu félagsins sem að stórum hluta er tilkomin vegna gamalla lífeyrissjóðsskuldbindinga. Fundarmenn voru ánægðir að heyra af jákvæðum viðsnúningi í rekstri sem sýnir að búið sé að ná tökum á rekstri RÚV. Sala byggingarréttar á lóð og útleiga á stórum hluta Útvarpshússins hefur gert RÚV kleift að greiða niður hluta af þessum íþyngjandi skuldum og þannig verja og efla dagskrá RÚV. Fjölmargir fundarmenn lýstu því yfir að Alþingi yrði að skapa sterkan fjárhagslegan grunn fyrir áframhaldandi öflugt Ríkisútvarp.

Tekjur RÚV eru mun lægri en tekjur ríkisútvarpsstöðva hjá öllum nágrannaþjóðum okkar og sú fjárhæð sem hver Íslendingur greiðir með RÚV er lægri en nágrannar okkar borga með sínu ríkisútvarpi, þrátt fyrir að það séu margfalt fjölmennari þjóðir. Í væntanlegum þjónustusamningi RÚV og stjórnvalda til næstu fjögurra ára er mikilvægt að stjórnvöld tryggi samræmi milli þjónustunnar sem Ríkisútvarpið á að veita og teknanna sem ætlaðar eru til að standa undir þjónustunni. Vonandi verður sú vinna unnin af fagmennsku og metnaði, eftir sveiflur og stefnuleysi í fjölda ára við lagasetningu og gerð þjónustusamninga við RÚV.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka öllum þátttakendum á fundunum fyrir þeirra mikilvæga innlegg. RÚV tilheyrir okkur öllum og ég trúi því að ef við höldum áfram að leggja við hlustir þegar þið, eigendurnir, komið með ábendingar séu bjartir tímar fram undan fyrir Ríkisútvarp okkar allra.


Góð ávöxtun Úrvalsbréfa

Landsbréf – Úrvalsbréf hafa skilað góðri ávöxtun síðastliðin ár. Sjóðurinn er hlutabréfasjóður. Að baki Úrvalsbréfum er teymi fólks með mikla reynslu, víðtæk tengsl við markaðinn og þekkingu á íslensku viðskiptalífi.

Meðaltal nafnávöxtunar Úrvalsbréfa á ársgrundvelli miðað við 30.09. 2015




Veittur er 50% afsláttur af gjaldi við kaup út október.

Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á framtíðarárangur. Gengi sjóðsins getur bæði hækkað og lækkað og fjárfestar kunna að fá minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir. Ávöxtunartölur eru fengnar hjá Landsbankanum sem er vörsluaðili sjóðsins.

Fjárfesting í hlutabréfasjóðum felur ætíð í sér áhættu. Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum fjárfestingarsjóða er þó að jafnaði öruggari en þegar keyptir eru einstakir fjármálagerningar, þar sem hver sjóður dreifir áhættu fjárfesta með kaupum í fleiri en einum flokki fjármálagerninga. Hlutabréf eru í eðli sínu áhættusöm fjárfesting og afkoma þeirra félaga sem sjóðurinn á hlutabréf í hefur bein áhrif á gengi sjóðsins. Nauðsynlegt er að fjárfestar kynni sér vel þá áhættu sem fólgin er í því að fjárfesta í hlutabréfasjóðum með því að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu.

Landsbankinn er söluaðili sjóða Landsbréfa. Komdu við í næsta útibúi eða hafðu samband við Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf í síma 410 4040.

Landsbréf – Úrvalsbréf eru fjárfestingarsjóður, starfræktur í samræmi við lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Rekstrarfélag sjóðsins eru Landsbréf hf. og vörslufélag er Landsbankinn hf. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst almennt áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði vegna rýmri fjárfestingaheimilda. Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sjóðsins er virði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðsins, s.s. ógreiddri umsýslu, þóknunum og öðrum gjöldum. Nánari upplýsingar um sjóðinn, skattlagningu hlutdeildarskírteina og áhættuþætti við fjárfestingu í sjóðnum má sjá í útboðslýsingu sjóðsins og lykilupplýsingum sem finna má á vefsvæði Landsbréfa, landsbref.is.

LANDSBRÉF



# Framtíðin bíður ekki

Tómas Guðbjartsson
Magnús Karl Magnússon
Engilbert Sigurðsson
Alma D. Möller
Unnur A. Valdimarsdóttir
Guðmundur Þorgeirsson
prófessorar við læknadeild HÍ og/eða yfirlæknar/stjórnendur við Landspítala

Nú þegar fullnaðarhönnun nýs Landspítala er komin á fullt skrið og tæpt ár er liðið frá samþykkt Alþingis um að framtíðaruppbygging Landspítalans skuli vera við Hringbraut skýtur enn upp kollinum umræða um hvort eigi að byggja þjóðarsjúkrahúsið einhvers staðar annars staðar. Umræðan kemur í sjálfu sér ekki á óvart í jafn flóknu máli, en hitt kemur á óvart að margir virðast ekki þekkja þau margvíslegu rök sem liggja að baki núverandi ákvörðun. Staðsetningin við Hringbraut hefur verið skoðuð af fjölda sérfræðinga og nefndir sem hafa lagst yfir málið hafa í öllum tilvikum komist að sömu niðurstöðu; að Hringbraut sé besti valkosturinn. Í flókinni ákvörðun er hin fullkomna lausn ekki til. Staðsetning við Hringbraut er hins vegar mjög góður kostur og mun betri og ódýrari en aðrir kostir sem hafa verið rækilega athugaðir.

**Hvatning til stjórnvalda**

Í síðustu viku birtist opnuauglýsing í stærstu dagblöðum landsins, undir fyrirsögninni Hvikum hvergi. Við styðjum tafarlausa uppbyggingu Landspítala við Hringbraut. Þar skora 366 borgarar þessa lands á stjórnvöld að hvika ekki frá fyrri samþykktum. Þarna skrifuðu meðal annarra undir langflestir heilbrigðisráðherrar og borgarstjórar síðustu ára, fyrrverandi forseti Íslands, fyrrverandi forsætisráðherrar, núverandi borgastjóri, rektorar Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík, fyrrverandi forstjórar Landspítala, forstjórar annarra heilbrigðisstofnana, landlæknir, fjölmargir starfsmenn og stjórnendur Landspítala auk háskólafólks. Undirskriftasöfnunin tók aðeins tvo sólarhringa og margir fleiri hefðu gjarnan viljað vera með.

**Hringbraut mjög góður kostur**

Helstu rökin fyrir staðsetningu við Hringbraut eru eftirfarandi:

***Uppbygging á öðrum stað tefur uppbyggingu Landspítala.*** Áætlað er að nýtt staðarval, skipulagsferli, hönnun og útboðsferli seinki uppbyggingu að lágmarki um 5-10 ár. Til þess höfum við ekki tíma því núverandi húsnæði er þegar úr sér gengið og er of lítið. Starfsemin er rekin í 100 húsum á 17 stöðum. Enn eru við lýði fjögurra manna stofur og aðeins 7% herbergja hafa einkasalerni. Deildir eru yfirfullar og sjúklingum er fundinn staður á göngum. Á sama tíma fjölgar þjóðinni hratt og hlutfall eldri borgara eykst. Lélegur aðbúnaður er óásættanlegur fyrir sjúklinga, skerðir gæði þjónustunnar og ógnar öryggi. Þetta er ólíðandi staða sem bregðast verður við strax.

***Uppbygging þekkingarklasa.*** Háskólasjúkrahús er ekki eyland, umhverfið skiptir máli. Háskólasjúkrahús þrífast best í sambýli við aðra háskólastarfsemi og gæði heilbrigðisþjónustunnar aukast. Þróun og innleiðing nýrrar þekkingar og meðferðar eru meðal hornsteina háskólastarfs á háskólasjúkrahúsi og kennsla og þjálfun nemenda í heilbrigðisvísindum er samofin starfi háskólasjúkrahússins. Háskólastarfið bætir ekki aðeins sjúkrahúsið fyrir sjúklinga, heldur er það mikilvægur hlekkur í vísinda- og nýsköpunarstarfi. Svo kallaðir þekkingarklasar eru öflug aðferð til að ýta undir nýsköpun. Slíkir klasar eru tengdir flestum háskólasjúkrahúsum Norðurlanda.

> Í flókinni ákvörðun er hin fullkomna lausn ekki til. Staðsetning við Hringbraut er hins vegar mjög góður kostur og mun betri og ódýrari en aðrir kostir sem hafa verið rækilega athugaðir.

***Nýtanlegt byggingarmagn er mest við Hringbraut og kostnaður minni en að byggja annars staðar.*** Hægt verður að nýta nýlega og velheppnaða byggingu Barnaspítala Hringsins, geðdeildar- og kvennadeildarhús, auk Læknagarðs. Samkvæmt nýlegri skýrslu KPMG reiknast núvirtur byggingarkostnaður 21 milljarði króna hærri á nýjum stað. Áætlað er að 5 til 10 ára töf á verkefninu kosti samfélagið 15-30 milljarða til viðbótar vegna óhagkvæms rekstrar við núverandi aðstæður. Mikil vinna hefur verið lögð í að áætla þarfir spítalans til framtíðar og að húsnæðið verði sem hentugast. Samanburður við sambærileg sjúkrahús á Norðurlöndunum sýnir að nýting fyrirhugaðs húsnæðis er góð og áætlanir hóflegar. Fyrir liggja teikningar sem starfsfólk er ánægt með. Ef tefst að bæta þá aðstöðu sem sjúklingum og starfsfólki er nú búin, er hætta á enn frekari atgervisflótta og að heilbrigðisstarfsmenn sem hlotið hafa sérfræðimenntun við betri aðstæður erlendis snúi ekki heim.

***Spítalinn liggur vel að helstu umferðaræðum og umferð eykst lítið.*** Borgaryfirvöld og skipulagssérfræðingar líta á staðsetningu Landspítala við Hringbraut sem einn af lykilþáttum í aðalskipulagi Reykjavíkur. Að Hringbrautarlóðinni liggja stórar samgönguæðar og fyrirhuguð samgöngumiðstöð verður við hlið spítalans. Ekki er talin þörf á meiriháttar umferðarmannvirkjum við flutning á starfsemi úr Fossvogi á Hringbraut. Umferð mun aukast lítið samkvæmt úttekt verkfræðistofunnar Eflu enda eru um 70% starfsemi Landspítala þegar rekin við Hringbraut. Í þessu samhengi má einnig benda á að margfalt fleiri sækja nám og vinnu í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík en á Landspítala.

**Framkvæmdir vega þyngra en orð**

Ákvörðun um nýja uppbygginu Landspítala við Hringbraut er vel ígrunduð og rækilega undirbúin. Staðsetning fellur vel að umferð og borgarskipulagi og ber af sem vettvangur nýsköpunar og háskólastarfs. Lokahönnun er hafin og framkvæmdir handan við hornið. Það er hollt að skiptast á skoðunum og vera ósammála en það kemur að því að sættast verður við fengna niðurstöðu í flóknum málum og halda áfram. Framtíðin bíður ekki.

# Sameinuðu þjóðirnar sjötugar: Frá San Francisco til Parísar



Árni Snævarr
upplýsingaskrifstofu SÞ í Brussel

Sameinuðu þjóðirnar, sem fagna sjötugsafmæli sínu um þessar mundir, eru í hugum flestra Íslendinga á meðal óumdeildustu alþjóðasamtaka og á Íslandi hefur frá upphafi verið pólitísk samstaða um aðildina.

Athyglisvert er að engin viðlíka gagnrýni hefur komið fram á að Ísland undirgangist „yfirþjóðlegt vald" í tilfelli Sameinuðu þjóðanna og verið hefur í umræðum um Evrópumál. Engu að síður er Ísland skuldbundið af ákvörðunum og ákvarðanaleysi Öryggisráðs samtakanna án þess að hafa neitt um þær að segja. Þannig má færa rök fyrir því að Ísland hafi orðið óbeinn þátttakandi í Kóreustríðinu örfáum árum eftir Íslendingar neituðu að gerast stofnaðilar að samtökunum vegna kröfu um að segja Þjóðverjum stríð á hendur. Síðar hafa Persaflóastríðið fyrra og íhlutun NATO í Líbíu byggst á ályktunum Öryggisráðsins, að ekki sé minnst á viðskiptaþvinganir t.d. gegn Írak, svo nýrri dæmi séu nefnd.

Þetta þýðir hins vegar ekki að samtökin, starf þeirra og ákvarðanir hafi verið hafin yfir gagnrýni; hvorki hérlendis né annars staðar – síður en svo. Sumum hefur þótt ankannalegt að sjá einræðisherra spóka sig í fundarsölum samtaka sem kenna sig við lýðræði og mannréttindi; þróunarríkjum hafa þótt vestræn sjónarmið og gildi allsráðandi. Skriffinnska hefur verið gagnrýnd ótæpilega, sem og kynferðisafbrot friðargæsluliða. Ráðaleysi við að stöðva blóðsúthellingar og þjóðarmorð (Sýrland, Júgóslavía, Rúanda og fl.) hefur verið harðlega gagnrýnt og það réttilega. Á árum kalda stríðsins sættu Sameinuðu þjóðirnar ámæli fyrir að vera handbendi Bandaríkjamanna, en Bandaríkjamenn hafa á hinn bóginn alla tíð haft óbeit á að framselja vald til yfirþjóðlegra samtaka.

**Umtalsverð áhrif á Íslandi**

Það gleymist oft í umræðunni að margar ákvarðanir sem teknar hafa verið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa haft umtalsverð áhrif á Íslandi, ekki síst ýmsir sáttmálar þeirra. Fyrst er þar að telja Mannréttindayfirlýsinguna frá 1948 sem segja má að sé undirstaða allrar mannréttindalöggjafar jafnt hérlendis sem annars staðar.

Hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna er að sama skapi grundvöllur alls sem viðkemur nýtingu hafsins og lögðu Íslendingar fram sinn skerf við samningu hans.

Ráðstefnur og samþykktir Sameinuðu þjóðanna hafa einnig skipt verulega máli í jafnréttismálum hér á landi sem annars staðar.

Þá er ástæða til að nefna hina svokölluðu Jarðarráðstefnu í Rio 1992. Þar hófst það ferli sem leiddi til samþykktar Sjálfbærra þróunarmarkmiða í síðasta mánuði, Kyoto-bókunarinnar og vonandi Parísarsáttmála um loftslagsmál í lok þessa árs.

Sjálfbæru þróunarmarkmiðin hafa ekki verið krufin til mergjar á opinberum vettvangi á Íslandi og mörgum spurningum er ósvarað um útfærsluna.

Nefna má sem dæmi að öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna, þar á meðal Ísland, heita því að minnka um helming hlutfall þeirra sem búa við fátækt, samkvæmt skilgreiningu hvers lands fyrir sig. Ef miðað er við skilgreiningu OECD þá teljast tæplega 8% heimila á Íslandi undir þeim fátækramörkum, eða 24.500 manns. Fækkun um helming snerti þá um 12.250 manns.

Þá hefur Ísland skuldbundið sig í Sjálfbæru þróunarmarkmiðunum til að minnka ójöfnuð innanlands, stórauka þróunaraðstoð (ná 0,7% takmarki SÞ), helminga matarsóun og afnema hvers kyns útflutningsbætur eða „aðrar sambærilegar aðgerðir". Ljóst er að margar leiðir eru að þessum markmiðum og því ekki æskilegt að meiri umræða verði um þessi mál á opinberum vettvangi en fram að þessu.

> Sjálfbæru þróunarmarkmiðin hafa ekki verið krufin til mergjar á opinberum vettvangi á Íslandi og mörgum spurningum er ósvarað um útfærsluna.

**Byltingarkennt verkefni**

Sama máli gegnir um loftslagsmálin. Kyoto-bókunin hefur verið viðmið við ákvarðanir um stóriðju og í umhverfisvernd, enda takmarkar hún magn losunar koltvísýrings út í andrúmsloftið. Gera má ráð yfir að skuldbindingar Íslands í væntanlegum loftslagssáttmála marki stefnu okkar í þessum málaflokkum fram til 2030, en öll kurl eru enn ekki komin til grafar.

Ríkisstjórnin hefur lýst vilja Íslands til að taka þátt í því markmiði Evrópusambandsins og Noregs í að minnka losun koltvísýrings um 40% en umræða um hvernig þetta verður gert er á frumstigi.

Ban Ki-moon, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hefur lýst því yfir að verkefnið framundan sé byltingarkennt: að þoka hagkerfi heimsins frá þeim orkugjöfum sem við höfum reitt okkur á frá því í iðnbyltingunni og yfir í hreina, græna orku.

Magnús Stephensen dómstjóri hóf útgáfu Minnisverðra tíðinda, fyrsta íslenska fréttablaðsins 1796 til að segja fréttir af frönsku byltingunni. Óskandi væri að arftakar hans í íslenskum fjölmiðlum láti ekki deigan síga í því að greina okkur frá grænu byltingunni sem fram undan er.

# Þegar rökin skortir



Jón Steinar Gunnlaugsson
lögfræðingur

Að undanförnu hafa farið fram umræður í fjölmiðlum um skipun hæstaréttardómara og þá meðal annars hvort umsækjendur af kvenkyni skuli njóta forgangs til slíkra embætta sem nú sitji einungis ein kona í réttinum en átta karlmenn. Ég hef látið í ljósi þá skoðun að velja eigi úr hópi umsækjenda eftir hæfni og að óheimilt sé að láta kynferði þeirra koma þar við sögu. Þessi skoðun er byggð á ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar um jafnrétti þar sem meðal annars segir að konur og karlar skuli „njóta jafns réttar í hvívetna". Hef ég þá bent á að mannréttindin sem vernduð eru í stjórnarskránni séu bundin við einstaklinga en ekki hópa. Það yrði því brotinn réttur á umsækjanda af karlkyni ef kvenumsækjandi yrði tekinn fram yfir hann vegna kynferðis síns. Mér finnst þessi lögskýring svo augljós að ekki ætti að þurfa um hana að deila.

**Einföld og augljós rökleiðsla**

Svo er að sjá sem sumu fólki mislíki þessi skýring á stjórnarskrá. Ég hef að vísu ekki séð nein rök fyrir því að hún sé röng. Það er frekar svo að sjá að fólkið vilji haga þessu á annan veg, það er að segja að vilji þess standi til þess að mismuna eftir kynferði vegna þess að jafna þurfi hlutföll kynjanna í réttinum. Ég hef þá bent á að regla um að hæfnin ein skuli ráða gæti allt eins leitt til þess að rétturinn yrði skipaður níu konum. Ekkert væri við það að athuga. Væru þeir hæfustu sem kostur væri á allir kvenkyns ætti þetta að verða niðurstaðan. Þar sem karlar og konur skuli „njóta jafns réttar í hvívetna" yrði þá óheimilt að velja karla á grundvelli kynferðis þeirra til að jafna kynjastöðuna í réttinum. Þessi rökleiðsla er einföld og augljós.

Við því var að búast að vígreifir málflytjendur „kvennabaráttunnar" myndu vilja mæla gegn þessum sjónarmiðum. Það hefur orðið raunin. Þegar þeir finna ekki rökin gegn þessari einföldu lögskýringu fara þeir niður í skotgrafir sínar og taka að veitast að þeim sem á hana benda með fúkyrðaflaumi. Þannig skrifar Sif Sigmarsdóttir til dæmis grein í Fréttablaðið 24. október. Að loknum inngangi um körtur í Ástralíu og bílaframleiðslu vestanhafs, sem varla hefur mikla þýðingu fyrir umræðuefnið, segir hún þetta: „Lögspekingar sem nú kvaka um að kynjaumræðan eigi ekki erindi við Hæstarétt eru samfélaginu jafnmikil plága og körtur eru vistkerfi Ástralíu. Hver skaðinn verður af þessum fornfálegu froskdýrum kann að vera erfitt að spá um."

> Ég hef þá bent á að regla um að hæfnin ein skuli ráða gæti allt eins leitt til þess að rétturinn yrði skipaður níu konum. Ekkert væri við það að athuga.

**Fúkyrði**

Ekki veit ég hvort höfundur telur það bæta málstað sinn að ryðja úr sér fúkyrðum af þessu tagi um þá sem hún virðist vera ósammála. Það er mikill ósiður í umræðum um þjóðfélagsmál þegar þátttakendur geta ekki haldið sig við málefnið sem er til umræðu og taka að sóða úr sér orðum af því tagi sem hér var raunin. Þetta er auðvitað oftast einungis til marks um að höfundurinn kann ekki rök fyrir afstöðu sinni. Þá verður að grípa til svona úrræða. Allt er þetta frekar aumkunarvert og segir auðvitað enga sögu nema um þann sem talar. Og svona til áréttingar læt ég uppi þá skoðun mína að ég sé meiri stuðningsmaður jafnréttis kynjanna en Sif Sigmarsdóttir. Það er vegna þess að ég hafna því að láta megi menn njóta misjafns réttar eftir því hvoru kyninu þeir tilheyra, því konur og karlar eiga að „njóta jafns réttar í hvívetna". Þetta finnst fornfálegu froskdýrinu bæði einfalt og fagurt.



Hafa skal það sem betur hljómar
Pioneer
X-HM21 hljómflutningstæki með dokku fyrir síma eða spjaldtölvu. Til í hvítu og svörtu.
Verð frá: 45.900,-
Pioneer
DEH-1800UB Bíltæki
FM/LW
Geislaspilari/USB/Aux
Verð frá: 18.300,-
Pioneer
MJ532 heyrnartól. Samanbrjótanleg.
Fáanleg í 4 litum.
Verð: 8.690,-
Pioneer
X-HM11 hljómflutningstæki fyrir þá sem vilja einfalt og kraftmikið. Til í silfur og svörtu.
Verð frá: 29.900,-
Pioneer
Heimabíómagnarar.
Kraftmiklir og ómótstæðilegir.
Verð frá: 55.900,-
Pioneer
XW-LF1-K/W
2x40mm full range hátalarar m. Dynamic Range Control.
Verð: 29.900,-
levenhuk
Zoom&Joy
Hágæða sjónaukar með lífstíðarábyrgð.
Allar gerðir í gluggakistuna, bílinn, bokpakann, ferðalagið, gönguferðina, fjallgönguna og veiðina.
Vatnsheldir og niturfylltir frá 14.900,- kr.
Verð frá: 3.990,-
veho.
Sportmyndavélar
TILBOÐ
Verð: 46.900,-
GO groove
BlueGATE
GoGroove FlexSmart X3 Bluetooth FM Sendir.
Hágæða hljómburður í gegnum Bluetooth.
Tengist í 12v tengi. Langur hreyfanlegur háls. USB tengi til að hlaða önnur tæki
Aux-in tengi. Virkar vel með Spotify.
Verð: 13.900,-
SANGEAN
WR-15 Borðútvarp. Hágæða hljómburður m. bassatækni. Sterkt loftnet með góðri móttöku. Innbyggð Bluetooth tenging við snjalltæki m. NFC. Falleg „Retro“ hönnun. Aux-in og heyrnartólatengi. Fáanlegt í 5 litum.
Verð: 35.900,-
Wii U
Mario Maker
Leikurinn þar sem þú hannar sjálfur umhverfi Mario.
Verð frá: 9.990,-
SUPER MARIO MAKER
Wii U
Þessi leikjatölva hefur slegið rækilega í gegn og var kosin leikjatölva ársins 2015 af Forbes.
Verð: 69.900,-
NINTENDO 3DS
Þessar vinsælu leikjatölvur eru komnar í nýrri útgáfu, með betri stjórnun, stærri skjá og öflugri. Til í nokkrum litum.
Gott úrval leikja.
Verð: 39.900,-
XL
Verð: 46.900,-
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ormsson.is
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Opið virka daga kl. 10-18
og á laugardögum
kl. 11-15.
ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300



# Norðurlandaráðsþing hefst í dag



**Höskuldur Þórhallsson**
forseti Norðurlandaráðs

**Hið nána samstarf Norðurlanda innan Norðurlandaráðs er komið á sjötugsaldur og ber aldurinn vel. Það hefur hvorki staðnað né trosnað heldur verið kvikt og í sífelldri þróun.**

Það er gaman að fá að vera gestgjafi nú þegar þingmenn og ráðherrar Norðurlanda streyma til landsins á árlegan þingfund Norðurlandaráðs sem hefst í Reykjavík í dag. Þing Norðurlandaráðs er haldið til skiptis í aðildarlöndunum fimm og er eins konar uppskeruhátíð norræns samstarfs.

Hið nána samstarf Norðurlanda innan Norðurlandaráðs er komið á sjötugsaldur og ber aldurinn vel. Það hefur hvorki staðnað né trosnað heldur verið kvikt og í sífelldri þróun. Við á Norðurlöndunum erum svolítið eins og ein fjölskylda. Sameiginleg saga og menning binda saman Norðurlöndin sem hafa á síðustu áratugum orðið samferða í að byggja upp samfélög þar sem grunngildin eru mannréttindi, réttarríki, frelsi, jafnrétti og jöfnuður. Ríkin skora hátt á alþjóðlegum lífsgæðakvörðum og þar er áhersla á einstaklingsfrelsi samfara öflugri velferð. Náið norrænt samstarf hefur staðið af sér umbreytingar í Evrópu og ekki síður hnattvæðinguna. Heimurinn er minni en hann var áður og staðir og þjóðfélög sem eitt sinn þóttu framandi eru orðin aðgengilegri og jafnvel hversdagsleg. Við á Norðurlöndunum berum okkur ekki lengur saman einungis við nágranna okkar í Evrópu heldur allan heiminn.

### Samstarf fólksins

Norrænt samstarf er fyrst og fremst samstarf fólksins. Hlutverk stjórnmálamanna í því er að skapa opinn vettvang fyrir samskipti þjóðanna á sem flestum sviðum. Þrátt fyrir að heimurinn standi Íslendingum opinn sem aldrei fyrr eru það grannþjóðir okkar sem við erum í mestum tengslum við. Íslendingar sækja menntun helst til þeirra og halda ekki síður utan til starfa á Norðurlöndum. Um 24.500 Íslendingar búa nú annars staðar á Norðurlöndum og af um 2.000 lánþegum Lánasjóðs íslenskra námsmanna erlendis eru tæplega 900 þar við nám. Norræna vegabréfasamstarfið, sameiginlegur atvinnu- og menntamarkaður og markvisst starf að því að afnema hvers kyns stjórnsýsluhindranir hefur auðveldað flæði yfir landamæri Norðurlanda og einfaldað flutninga. Einhvern tíma var það að fara til Norðurlanda að halda út í hinn stóra heim. Nú eru Norðurlönd á vissan hátt meira eins og útvíkkaðir heimahagar fyrir okkur Íslendinga. Við erum hluti hinnar norrænu fjölskyldu og í því felst styrkur.

Á þingi Norðurlandaráðs næstu þrjá daga verður fjallað um mál sem unnin hafa verið á umliðnum mánuðum jafnt í nefndum þingmanna sem og hópum ráðherra. Þar á meðal verða möguleikar á auknu og nánara samstarfi Norðurlanda, norræn heilsugæsla án stjórnsýsluhindrana, geðheilsa barna og ungmenna, velferðarþjónusta í dreifbýli, sjálfbærni og norrænar vatnsauðlindir, tungumálasamstarf, öflugir og frjálsir fjölmiðlar og umbætur á Norðurlandaráði svo fátt eitt sé nefnt. Á utanríkismálasviðinu verður m.a. fjallað um ástandið í Úkraínu og samskiptin við Rússland, flóttamannastrauminn í Evrópu og viðurkenningu á Palestínu.

### Samstarfi og árangri fagnað

Auk þess að fjalla um málefni líðandi stundar á Norðurlandaþingi er tækifærið notað til að fagna samstarfi og árangri landanna á sviði menningar- og umhverfismála með verðlaunum Norðurlandaráðs. Á sérstakri verðlaunahátíð verða bókmenntaverðlaun, tónlistarverðlaun, kvikmyndaverðlaun, náttúru- og umhverfisverðlaun og barna- og unglingabókmenntaverðlaun ráðsins afhent. Verðlaunin eiga sinn sterka þátt í því að breiða út norræna listsköpun, jafnt milli Norðurlandanna sem utan þeirra, en norrænar bókmenntir, kvikmyndir og tónlist njóta vinsælda víða um heim. Í tilefni af Norðurlandaráðsþingi hefur sá sem þetta ritar lagt fram tillögu um að koma á norrænum sjónvarpsverðlaunum en norræn dagskrárgerð, einkum á sviði framhaldsþátta, hefur vakið mikla athygli og notið vaxandi útbreiðslu á liðnum árum.

Norræn samvinna hefur verið okkur Íslendingum afar mikilvæg og er það enn. Inn á við er grunnur samstarfsins í grasrótinni hjá einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum sem eiga margháttuð samskipti sín á milli. Út á við er norræn samstaða brýn á tímum hnattvæðingar og hræringa í ytra umhverfi og það er styrkur af því að standa í hópi Norðurlanda í samfélagi þjóðanna. Á ári mínu sem forseti Norðurlandaráðs hef ég beitt mér fyrir því að gera starfið sýnilegra og hefja umbótastarf innan ráðsins sem mun beinast að því að samstarfið eflist enn og dafni á komandi árum. Undir þeim formerkjum er það því einstaklega ánægjulegt að bjóða norræna frændur okkar velkomna til þinghalds á Íslandi.

# Fordómar, fátækt og fjárlög





**Þorbera Fjölnisdóttir**
verkefnastýra ÖBÍ

**Sigríður Hanna Ingólfsdóttir**
félagsráðgjafi ÖBÍ

**Það er algerlega fráleitt að heimfæra markaðslögmál um framboð og eftirspurn á skerðingar eða örorku. Það er ekki hægt að velja að fá gigt eða verða fyrir heilaskaða.**

Á hverjum degi lendir fólk í áföllum (s.s. heilablóðfalli eða slysi) sem valda því að fólk verður að reiða sig á hið opinbera með framfærslu. Það geta því allir komist í þá stöðu að þurfa að sækja um örorkulífeyri. Þegar við missum starfsgetuna vegna afleiðinga sjúkdóma eða slysa, viljum við hafa öryggisnet sem grípur okkur.

Hvað er það í samfélagi okkar sem gerir það að verkum að fólk sem þarf að reiða sig á framfærslu frá hinu opinbera sökum afleiðinga alvarlegra sjúkdóma, slysa eða meðfæddra skerðinga er gert að lifa við fátæktarmörk? Er það vanþekking á stöðu örorkulífeyrisþega?

### Staðalmyndir og fordómar

Skerðingar eru í mörgum tilvikum ósýnilegar. Tæp 40% örorkulífeyrisþega eru með geðraskanir og þær sjást yfirleitt ekki utan á fólki. Annar stór hópur öryrkja er með stoðkerfissjúkdóma (s.s. gigt) og eru þeir sjaldnast sýnilegir. Staðalmynd örorkulífeyrisþega er hins vegar einstaklingur með sýnilega, líkamlega skerðingu – ósjaldan í hjólastól. Mjög algengt er að örorkulífeyrisþegar, sem eru með ósýnilegar skerðingar og passa því ekki inn í staðalmyndina, upplifi fordóma á þann hátt að réttmæti örorkumatsins er dregið í efa af leikmönnum. Eins eru sumir sjúkdómar þess eðlis að fólk er í mjög misgóðu ástandi eftir dögum. Einstaklingur þarf kannski einn daginn að nota hjólastól en ekki þann næsta.

Það velur enginn að verða örorkulífeyrisþegi. Læknar úrskurða um örorkumat að undangengnu ákveðnu ferli. Að upplifa fordóma og skilningsleysi umhverfisins ofan á heilsubrest veldur mikilli vanlíðan. Fólki á ekki að finnast það þurfa að réttlæta það gagnvart umhverfinu að hafa fengið örorkumat. Flestöll tengjumst við fólki sem hefur annaðhvort þurft að draga sig frá vinnumarkaði eða draga verulega úr atvinnuþátttöku vegna sjúkdóma eða slysa eða hefur aldrei fengið tækifæri til þátttöku.

### Sveltistefna stjórnvalda

Fjármálaráðherra hefur nýlega réttlætt lágar upphæðir lífeyrisgreiðslna almannatrygginga með því að það þurfi að vera hvatar í kerfinu til að fólk fari í vinnu. Ekki er hægt að skilja orð ráðherrans öðruvísi en svo að það eigi að svelta örorkulífeyrisþega út á vinnumarkaðinn. Ef fólk getur ekki framfleytt sér af örorkugreiðslunum, eigi það að fara að vinna til að bæta fjárhaginn.

Lítum nánar á þetta. Í fyrsta lagi þá verður alltaf ákveðinn hluti örorkulífeyrisþega sem hefur enga eða mjög takmarkaða starfsgetu og er því algerlega útilokaður frá atvinnuþátttöku. Þessi hópur þarf að geta fengið tekjur til að geta lifað mannsæmandi lífi. Í öðru lagi þá geta miklar tekjutengingar í kerfinu valdið því að lágar viðbótartekjur bæta litlu eða engu við ráðstöfunartekjur lífeyrisþega. Í þriðja lagi eru mjög fá störf við hæfi í boði á vinnumarkaðinum, s.s. hlutastörf og störf þar sem tekið er tillit til sveiflna sem fylgja ýmsum sjúkdómum. Þannig að þó fólk hafi getu til að vinna hluta úr degi, þá eru störfin einfaldlega ekki til.

Rannsóknir sýna að lágar greiðslur kerfisins til framfærslu virka ekki hvetjandi heldur þvert á móti, þá halda þær fólki í fátæktargildru og félagslegri einangrun. Það þarf því að hækka upphæðir örorkugreiðslna almannatrygginga verulega og afnema þær miklu tekjutengingar sem eru í kerfinu. Í máli fjármálaráðherra í umræðu á Alþingi um að lífeyrir almannatrygginga hækki til samræmis við hækkun lægstu launa kemur fram að slíkt yrði til þess að fólk hefði frjálst val um hvort það er á bótum eða úti á vinnumarkaði. Það er algerlega fráleitt að heimfæra markaðslögmál um framboð og eftirspurn á skerðingar eða örorku. Það er ekki hægt að velja að fá gigt eða verða fyrir heilaskaða. Örorkugreiðslur sem ekki duga til framfærslu draga ekki úr tíðni sjúkdóma og slysa.

### Tækifæri þingheims með fjárlögum 2016

Fjárlög 2016 eru nú til umræðu á Alþingi. Því hefur þingheimur tækifæri til að bæta verulega kjör lífeyrisþega öllu samfélaginu til hagsbóta. Þær prósentuhækkanir sem nefndar hafa verið duga engan veginn til að ná því markmiði að lífeyrisþegar geti lifað mannsæmandi lífi.

Almannatryggingar eru öryggisnet okkar allra og einn af mælikvörðum á velferðarsamfélagið. Hagsmunir fatlaðs fólks eru hagsmunir okkar allra því saman byggjum við eitt samfélag.

# Það er barnaskapur að segja, að það sé enginn Guð



**Þórir Stephensen**
fv. dómkirkjuprestur og staðarhaldari í Viðey

**Það sem svo kórónar allt þetta, er að þeir, sem þessu halda fram, hafa mér vitanlega ekki sýnt neina andlega burði, sem geri þá marktækari öðrum.**

Brian Cox er enskur prófessor í eðlisfræði, lék áður í rokkhljómsveit og er nú maðurinn, sem margir vilja að taki við kyndlinum af sir David Attenborough. Hann er fæddur 1968 og starfar við Manchester University, er víðþekktur vísindamaður og virkur við að kynna rannsóknir sínar á uppruna og eðli alheimsins í vinsælum sjónvarpsþáttum. Hann nefnir þar fleiri en einn Miklahvell, mikla útþenslu alheimsins og margt annað áhugavert.

Þessi maður var nýlega spurður um afstöðu sína til Guðs og lét þá hafa eftir sér orðin, sem hér eru höfð að yfirskrift og eru þannig á ensku: „There's a naivety in saying there is no God.“ Hann vitnar til einstaklinga meðal mestu hugsuða mannkynsins svo sem Kants og Leibnitz, sem hafi hugsað mikið um Guð og lífið út frá tilvist hans. „Þeir voru engir fábjánar, segir hann. Við verðum að vega slíkt og meta.“

Ég er orðinn hundleiður á sífelldum og algerlega órökstuddum yfirlýsingum í Fréttablaðinu og fleiri miðlum, að það sé enginn Guð, að við eigum að hætta að spegla okkur í 2000 ára gömlum frásögnum og þar haft undirliggjandi að því hljóði að vera farið að slá í þær. Svo er bætt við til enn meiri niðrunar, að þær séu frá Miðausturlöndum. Það sem svo kórónar allt þetta, er að þeir, sem þessu halda fram, hafa mér vitanlega ekki sýnt neina andlega burði, sem geri þá marktækari öðrum. En svo étur hver upp eftir öðrum og allt virðist þetta gert til þess að eyðileggja hin fornu andlegu gildi, sem hafa haldið uppi menningu og siðgæði þjóðar okkar um aldir. Forsjárhyggjan í andlegu uppeldi skólabarna hér á landi er af sama toga.

### Maður með andlega burði

Ég gladdist, er ég sá vitnisburð Brians Cox. Þar virðist vera maður með andlega burði. Ég hef að undanförnu hugsað mikið til afburðamanna, bæði hér okkar á meðal og á heimsvísu. Tónskáldið mikla J.S. Bach hefur verið nefndur fimmti guðspjallamaðurinn. Viljum við hafna vitnisburði hans, trúnni er gaf anda hans neista, sem oft varð að báli, heilögum eldi, sem tendraði og skapar enn líf listar og trúar, þar sem hann logar? Eru tónsmíðar hans innblásin listaverk eða eru þau bara sniðugar fingraæfingar? Eigum við kannski að afskrifa hann af því að verk hans eru orðin svo gömul? Svipað má segja um flesta eða alla gömlu meistarana. Það var Hippókrates, sem sagði: „Listin er löng, en lífið stutt,“ og orð Michaelangelos koma eins og í fallegu framhaldi af þeim: „Sannarlegt listaverk er ekki annað en skuggi guðlegrar fullkomnunar.“ Hvorug þessara orða hefðu, að mínum dómi, orðið til án skynjunar um „eilífð bak við árin“.

Þegar hamrað er á hinum guðlausa, andkristna áróðri í fjölmiðlum dagsins, verður mér einnig hugsað til þjóðskáldanna okkar, Matthíasar Jochumssonar, Einars Ben., Davíðs Stefánssonar, Tómasar og Hannesar Péturssonar.

Hvorir skyldu líklegri til þess að lyfta íslenskri þjóð til betri framtíðar, þeir miklu andans jöfrar, sem ég hef hér nefnt og allir mæra í skáldskap sínum kristið líf, háleitar hugsjónir og bjarta eilífðarsýn eða Fréttablaðsskríbentarnir og aðrir þeim samdauna? Svari hver fyrir sig.

Brian Cox kallar guðsafneitunina „barnalega“ afstöðu. Ég er honum hjartanlega sammála og vil í staðinn sjá hina „barnslegu“ einlægni, afstöðu hins fullkomna trausts til höfundar lífsins og einlægrar þjónustu við vilja hans.

Hannes Pétursson kom með nýtt orð í mál okkar, „alnánd“, og raunar þá einnig nýtt hugtak inn í guðfræðina í ljóði sínu um Hallgrím Pétursson:

*„Þú namst þau orð sem englarnir sungu.*
*Þú ortir á máli sem brann á tungu.*
*Óttinn fangstaðar á þér missti.*
*Alnánd: þú gekkst við hliðina á Kristi.“*

Við eigum ekki að rækta með okkur barnaskap, heldur hina barnslegu einlægni og þann kærleika, sem kemur af alnánd einstaklingsins við Krist.




**Klífa Everest í köðlum**
Iðkendur fimleikadeildar Fimleikafélagsins Bjarkar munu klífra í köðlum sem samsvarar hæð Everest næstkomandi laugardag. Markmiðið er að safna fyrir nýju fimleikagólfi.
SÍÐA 2



**Ókeypis**
lyfjaskömmtun í
Borgar Apóteki !

| Skömmtunargjöld f. 4 vikna lyfjatiltekt | |
|---|---|
| Lyfja (Lyfjalausnir) | 1.537 |
| Lyf & Heilsa (SA lyfjaskömmtun) | 1.000 |
| Lyfjaver | 600 |
| **Borgar Apótek** | **0** |

Borgar Apótek
Borgartúni 28, sími 553 8331
– Þín vegna


# LAUS VIÐ KVEF OG VEIKINDI

**GENGUR VEL KYNNIR** *Norðurkrill er eitt hreinasta og öflugasta formið af Omega 3 fitusýrum ásamt andoxunarefninu astaxanthin.*

NORÐURKRILL er hrein náttúruleg afurð unnin úr smáfiskinum krilli eða ljósátu. Krill er veitt í Suður-Íshafinu og inniheldur náttúrulega andoxunarefnið astaxanthin, sem er eitt öflugasta andoxunarefni sem völ er á.

**LÍFSNAUÐSYNLEG FITUSÝRA**

Omega 3 er lífsnauðsynleg fitusýra því að líkaminn getur ekki framleitt hana sjálfur. Til þess að hún NÝTIST okkur þarf hún að bindast og þá er mikilvægt að Omega 3 fitusýran sé rík af EPA og DHA og það er mikið af þeim keðjum í krill-olíunni,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi hjá Gengur vel ehf.

**TRYGGIR GÓÐA HEILSU**

„Ég er sannfærður um að Omega 3 úr hafinu sé mikilvægt til að tryggja góða heilsu,“ segir Friðrik Ottesen flugstjóri. „Ég byrjaði að taka NORÐURKRILL, sem er afar ríkt af Omega 3, fyrir rúmum þremur árum. Sem flugstjóri til fjölda ára hef ég verið mjög berskjaldaður fyrir bakteríum og áreiti, m.a. vegna þess að ég flýg yfir mörg tímabelti og kemst þar í návígi við fjölda fólks. Áður fyrr fékk ég kvefpestir fimm til sex sinnum á ári, var oft slappur og átti í basli með tímamismuninn. Þetta breyttist allt eftir að ég byrjaði að taka tvö hylki af NORÐURKRILLI á dag. Ég hef varla orðið veikur síðan. Einnig finn ég síður fyrir augnþreytu, sitjandi fyrir framan tölvuskjái tímunum saman ásamt því að einbeitingin er betri eftir langar vaktir. Ég mæli eindregið með NORÐURKRILLI fyrir alla!“



**MÆLIR MEÐ** Friðrik Ottesen flugstjóri verður sjaldan veikur eftir að hann fór að taka NORÐURKRILL.



**HRÖNN HJÁLMARSDÓTTIR**
næringar- og heilsumarkþjálfi.







VANDAÐUR OG HLÝR VETRARFATNAÐUR,
ÞÚ NÝTUR VETRARINS BETUR
Skoðið laxdal.is/yfirhafnir

www.laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422
Vertu vinur á Facebook

# Hreinsum dúnúlpur



EFNALAUGIN BJÖRG
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS
Háaleitisbraut 58-60, 108 Rvk - Sími 5531380

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson |** Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429












**ÞJÁLFARAR** Jóhannes Níels Sigurðsson og Ragnheiður Hjaltalín með duglega kaðlaklifrara í baksýn. MYND/PJETUR

# KLÍFA EVEREST MEÐ KÖÐLUM

**SAFNA FYRIR NÝJU GÓLFI** *Iðkendur fimleikadeildar Fimleikafélagsins Bjarkar munu klífa sem samsvarar hæð Everest næstkomandi laugardag. Markmiðið er að safna fé til kaupa á nýju fimleikagólfi.*

Núverandi gólf er orðið 13 ára gamalt, löngu orðið úrelt og ekki lengur hæft til mótahalds fyrir lengst komnu iðkendurna,“ segir Ragnheiður Hjaltalín, einn af þjálfurum Bjarkar sem hefur haldið utan um söfnunina. Iðkendur Bjarkarinnar hafa náð langt í áhaldafimleikum og hafa meðal annars keppt með unglingalandsliðinu. „Þau hafa ekkert getað nýtt sér gólfið en það er ein af fjórum keppnisæfingum stúlkna og ein af sex hjá strákum,“ segir Ragnheiður og bendir á að nýju fimleikagólfin fari mun betur með líkama iðkenda.

Gólfið er mest notaða áhaldið í fimleikasal Bjarkarinnar en þar eru æfingar að meðaltali sex tíma á dag, alla daga vikunnar. Nýtt gólf kostar þó sitt, rúmar sex milljónir króna. „Þar sem félagið hefur ekki tök á því að fjármagna kaupin og Hafnarfjarðarbær styrkir okkur ekki var það á herðum þjálfara og foreldra að finna einhverja lausn,“ segir Ragnheiður. Þá kviknaði skemmtileg hugmynd. „Okkur datt í hug, í tengslum við Everestmyndina sem nú er sýnd í bíóhúsum, að krakkarnir myndu klífa heilt fjall í köðlum á einum degi og safna með því áheitum og fé til kaupa á gólfinu.“

**KLÍFA 8.847 METRA**

Kaðlaklifrið fer fram í Íþróttamiðstöðinni Björk í Hafnarfirði laugardaginn 31. október milli klukkan 11 og 16.

„Við ætlum að klifra samanlagða hæð Everest fjalls eða 8.847 m. Alls eru þetta um 1.475 ferðir upp kaðalinn. Keppnishópar fimleikadeildarinnar munu leiða klifrið og við höfum beðið alla iðkendur sem treysta sér til að klifra að minnsta kosti einu sinni upp kaðalinn að leggja hönd á plóg,“ segir Ragnheiður en bendir á að allir geti komið og klifrað. „Þjálfarar, fyrrverandi iðkendur, foreldrar og allir sem vilja leggja málefninu lið,“ segir hún.

**GÓÐIR GESTIR**

Á Everestdaginn stóra verður einnig boðið upp á ýmislegt húllumhæ. „Við verðum með kökubasar, skreytum salinn í Everestþema og svo fáum við til okkar góða gesti,“ segir Ragnheiður og nefnir Ingvar Sigurðsson, leikara í Everest, sem mun fara ferð upp kaðalinn líkt og Íþróttaálfurinn. Þá mun Haraldur Örn Ólafsson Everestfari koma og segja frá reynslu sinni. „Þjálfarinn okkar, Jóhannes Níels Sigurðsson sem er einn af leikurum í Hróa hetti, ætlar síðan að fá til sín félaga sína úr glæfragenginu.“

Ragnheiður segir mikinn metnað ríkja meðal iðkenda að standa sig vel. „Sonur minn litli sagði mér um daginn að hann ætlaði að reyna að fara fjórar ferðir. Þannig ætti hann sjálfur einn punkt í gólfinu,“ segir hún glaðlega.

Nánari upplýsingar má finna á Facebook undir Bjarkirnar.

**SAMSTAÐA**

„Sonur minn litli sagði mér um daginn að hann ætlaði að reyna að fara fjórar ferðir. Þannig ætti hann sjálfur einn punkt í gólfinu.“

**FJÁRÖFLUN**

Þeir sem vilja leggja málefninu lið geta lagt inn á reikning 545-14-404371, kt. 550110-1130.



**ÆFA SIG** Iðkendur Bjarkarinnar eru um 700 og hafa flestir æft sig stíft í kaðlaklifri síðustu vikur.

# VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Á garðyrkjubýlinu Brún hafa hjónin Birgir og Margrét ræktað kirsuberjatómata síðan árið 1999. Kirsuberjatómatar eru smærri en venjulegir tómatar en bragðsterkari. Hjónin hafa komist að því að skemmtileg leið til að njóta þeirra er að steikja með þeim fræ og valhnetur.

**- Kirsuberjatómatar Birgis og Margrétar með steiktum fræjum og valhnetum -**

// 400 g (2 box) kirsuberjatómatar // 2 msk. steinselja // 50 g sólblómafræ // 50 g graskersfræ // 50 g valhnetur // 1 msk. tamarisósa

Skerið tómata til helminga, saxið steinselju. Setjið sólblómafræ, graskersfræ og valhnetur í skál og blandið tamarissósu við. Hitið ofninn i 180°C. Gott er að setja smjörpappír á plötu og fræblönduna þar á. Bakið uns blandan fer að brúnast. Kælið og hrærið saman við tómata og steinselju. Ferskt, einfalt og svaka gott .






## BÍLAR & FARARTÆKI

**STÓRA BÍLASALAN**



Toyota Yaris Active - Nýr bíll 1.3L Bensín. Beinskiptir. Bakkmyndavél, loftkæling o.fl.. Eigum bíla á staðnum. Verð 2.690.000kr. Raðnr 157746. Sjá á www.stora.is



Land Rover Discovery 3 S Árgerð 2007. Ekinn 191þ.km. Sjálfsk. 7 manna. Bíll í góðu standi. Er á staðnum. Verð 3.590.000kr. Raðnr 157203. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

**bilaborg.is**
**Sími 517-1111**



M.BENZ S 500 4matic long. Árgerð 1/2005, ekinn 85 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.000.000. Rnr.132545. Glæsilegur bíll. Uppl 696-1001



M.BENZ M ml 63 amg. Árgerð 5/2008, ekinn 97 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.990.000. Rnr.134023.

Glæsilegur bíll með öllu. Uppl 696-1001



M.BENZ S 450 4matic metan bensin. Árgerð 2010, ekinn 94 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 9.890.000. Rnr.133112.+ Glæsilegur bíll. Bíll með öllu. Uppl síma 696-1001

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

**bilfang.is**
**S. 567 2000**



**GLÆSILEGT EINTAK !**

BMW X5 Steptronc 4.8 L 08/2007 ek 119 þ.km Bíll hlaðinn búnaði glerþak, Leður ofl verð 5.7 mil ( raðnr. 156405 )

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

**LITLA bílasalan**
**www.litla.is 587 7777**



NISSAN Patrol gr. Árgerð 2007, ekinn 140 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.250.000. Rnr.116257.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

**bilauppbod.is**

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**

Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

## Sendibílar

**568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN**

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hjólbarðar

**VAKA**



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## til sölu



### Peugeot 208 Active Navi

Sýningarbíll frá umboði, bensín, 5 gírar, 7" snertiskjár með Bluetooth handfrjálsum símabúnaði og íslensku leiðsögukerfi, hiti í sætum, skriðstillir með hraðatakmörkun.

**Tilboð kr. 2.450.000**

BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is




# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
Alhliða málningarþjónusta. Afsláttur f. eldri borgara. Sími 776-0000

**INNIMÁLUN**
Get bætt við mig verkum innandyra í vetur. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN**
Getum bætt við okkur verkum í

flísalögnum, múrverki og múrviðgerðum.

Áratuga reynsla og vönduð vinnubrögð
**Tímavinna og tilboð**

**Strúctor byggingaþjónusta ehf.**

**S. 893 6994**




Húsasmíðameistari. Alhliða smíðavinna, tilboð eða tímavinna. Sími 7778450 eða á thorarinnscheving@live.com

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss, uppslátt og fl. Áratuga reynsla. S. 867 7753

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**SAUMAVÉLAR TIL SÖLU.**
Overloc vél 5 þráða Union Special Phaff beinsaumsvèl með zikksakki Földunarvél Maier. Mjög öflug fatapressa Allar upplýsingar í síma 8977158 Dóra

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Atvinnuhúsnæði

**AUÐBREKKA - VERSLUN EÐA ÞJÓNUSTA**
400 fm verslunarrými á jarðhæð.

Gluggar sem snúa að götu.

Innkeyrsludyr.

70 fm rými sem hentar fyrir verslun eða þjónustu. Stórir gluggar að götu.
**S. 897 9743**

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubil í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

## Húsnæði í boði

**GLÆSILEG, BJÖRT OG RÚMGÓÐ 4JA HERBERGJA ÍBÚÐ Á TVEIMUR HÆÐUM.**
Skráð stærð er 136,2 m2, með bílastæði í bílakjallara. Íbúðin er á frábærum stað í grónu hverfi. Stutt er í skóla, leikskóla, verslanir, heilsugæslu og íþróttasvæði. Draumastaðsetning fyrir börn á grunnskólaaldri. Ein helsta útivistaperla Reykjavíkur, Elliðaárdalurinn er innan seilingar.

Leiguverð: Kr. 210.000 á mánuði, auk rafmagns. Leigufjárhæðin verður vísitölutryggð. Innifalið er gjald í hússjóð. Trygging: Farið er fram á bankaábyrgð eða sambærilega tryggingu fyrir kr. 500.000. Laus strax.

Áhugasamir hafi samband við Jóhönnu í síma 867-0398

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**STARFSMENN ÓSKAST Í STÁLSMIÐJU.**
Stálsmiðja í Hafnarfirði óskar eftir vönum starfs og verkamönnum. Mikil vinna í boði og góð laun.
**Áhugasamir sendi umsókn merkt "Vinna/stálsmiðja" og ferilskrá á fagstal@fagstal.is**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Makaskipti? Swinging? Þríhyrningasr? Cuckold? Íslendingar.eu bjóða upp á frábær samskiptatækifæri - frítt, að sjálfsögðu. Allar upplýsingar hér: Makaskipti.eu

**ÍSLENDINGAR.EU**
Ertu í makaleit? Langar þig á stefnumót? Ertu með frjálslynda hugsun? Íslendingar.eu bjóða upp á frábær samskiptatækifæri - frítt, að sjálfsögðu. Líttu við! Islendingar.eu




Skyndikynni á símatorgi. 100% leynd. RaudaTorgid.is




## fasteignir

**HRAUNHAMAR**
**FASTEIGNASALA**
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### Sævangur 18 – Hafnarfjörður
**Einbýli með aukaíbúð**




**Opið hús í dag milli kl. 18:00 – 18:30**
Hraunhamar kynnir. Stórt og gott einbýlishús með aukaíbúð og stórum tvöföldum bílskúr á besta stað við Sævang í Hafnarfirði. Húsið er 318 fm en þar af er bílskúrinn um 63 fm, aukaíbúð ca 90 fm og aðalíbúð um 165 fm. Hús í topp standi á besta stað í bænum. **Verð: 73 millj.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### OPIN HÚS Í DAG

**Langalína 2 - Sjálandi Garðabæ.**
**Rúmgóð íbúð með tvennum svölum.**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Mjög falleg 106,7 fm. íbúð á 1. hæð að meðtaldri 7,9 fm. geymslu í nýlegu lyftuhúsi, ásamt sér bílastæði í lokaðri bílageymslu. Um er ræða óvenju rúmgóða íbúð með fallegum samstæðum eikarinnréttingum og parketi og flísum á gólfum. Mjög stórir og bjartir gólfsíðir gluggar í stofu og eldhúsi. Tvennar svalir aðrar mjög stórar.
**Verð 38,7 millj. Verið velkomin.**

**Fannborg 5 – Kópavogi. 3ja – 4ra herbergja.**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Mjög góð 87,0 fm. íbúð á 1. hæð (íbúð 0204) með sérinngangi. Útgengt úr stofu á stórar suðursvalir sem eru yfirbyggðar að hluta. Íbúðin er skráð 3ja herbergja en búið er að útbúa þriðja svefnherbergið á kostnað stofu. Miklar innréttingar í eldhúsi. Stutt alla verslun og þjónustu. Tónlistarskóli, sundlaug og samgöngur í næsta nágrenni.
**Verð 25,9 millj. Verið velkomin.**

## atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

**ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.**

**HANDAFL EHF s. 777 2 333**

# Þurfum að hugsa stórt

**Ísland er í góðum málum eftir 6-0 sigur á Slóveníu ytra í undankeppni EM 2017 í gær. Harpa Þorsteinsdóttir átti stórleik en íslenska liðið yfirspilaði lið Slóveníu á löngum köflum í leiknum.**



**FÓTBOLTI** Frábær frammistaða Íslands í Slóveníu í gær, þar sem stelpurnar okkar unnu sannfærandi 6-0 sigur, gefur góð fyrirheit um framhaldið í 1. riðli í undankeppni EM 2017. Ísland er þar með fullt hús stiga eftir þrjá leiki og markatöluna 12-0.

Skotland er einnig taplaust í riðlinum og á leik til góða gegn Makedóníu á útivelli í kvöld. Skotar eru sigurstranglegri aðilinn í leiknum en það stefnir í einvígi Íslands og Skotlands um efsta sætið í riðlinum, sem gefur beinan þátttökurétt á EM í Hollandi.

Ef frá er talinn fimmtán mínútna kafli í upphafi síðari hálfleiks stjórnaði Ísland ferðinni gegn Slóvenum í gær. Liðið lék frábæra knattspyrnu en það var ekki síst frammistaða sóknarmannsins Hörpu Þorsteinsdóttur sem gladdi augað. Hún skoraði tvö mörk, lagði upp eitt og fékk aukaspyrnu sem gaf af sér eitt til viðbótar. Hún fékk tækifæri til að fullkomna þrennuna en lét verja frá sér vítaspyrnu seint í leiknum.

**Þvingaði Hörpu á vítapunktinn**

„Ég tek það á mig. Ég þvingaði hana til að taka vítaspyrnuna,“ sagði Freyr Alexandersson, landsliðsþjálfari, í léttum dúr við Fréttablaðið í gær. „En spyrnan var vel varin hjá markverði Slóvena.“

Dagný Brynjarsdóttir skoraði fyrsta og síðasta mark Íslands í leiknum. Harpa kom Íslandi í 2-0 og 3-0 og Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði sitt 75. landsliðsmark er hún gerði mark úr aukaspyrnu sem var dæmd á varnarmann Slóveníu. Hún hafði handleikið skot Hörpu í teignum.

Harpa lagði svo upp fimmta markið fyrir varamanninn Söndru Maríu Jessen, en hún kom inn á fyrir Hólmfríði Magnúsdóttur sem þurfti að fara meidd af velli eftir 30 mínútna leik í sínum 100. landsleik.

Ísland fékk því sex stig úr þessari landsleikjatörn en Ísland vann 4-0 sigur á Makedóníu í síðustu viku. Freyr segir að hann sé ánægður með hvar liðið sé statt nú. „Nú förum við inn í vetrarfríið með níu stig og góða markatölu. Mér finnst að mitt handbragð sé komið á liðið og það komið á þann stað sem ég vil. En við megum ekki vera hrædd við að hugsa stórt og halda áfram að bæta okkur.“

Freyr segir að frammistaða Hörpu hafi verið sú besta í landsliðinu undir hans stjórn. „Hún skoraði færri mörk en vanalega með Stjörnunni í sumar og var því með blóð á tönnunum þegar hún kom inn í þetta verkefni. Hún var frábær í þessum leik og er leikmaður sem er enn að vaxa og bæta sig.“

**Erfiður vetur**

Sjálf sagðist Harpa vera ánægð með kvöldið og frammistöðu sína með landsliðinu. „Þetta var erfitt framan af ári enda var ég meidd síðasta vetur og mikið bras á mér. En mér fannst að það væri stígandi í mínum leik í sumar og ég átti góða leiki með Stjörnunni í Evrópukeppninni í haust, þrátt fyrir að við töpuðum þeim. Ég fann að sjálfstraustið jókst með hverjum leiknum og það er alltaf pressa á manni að standa sig vel með landsliðinu.“

Harpa mun nýta vetrarfríið til að fara í aðgerð vegna meiðsla sem hafa verið að plaga hana. „Ég er með taugatruflanir í ristinni sem þarf að laga. Mér skilst reyndar að þetta sé helst algengt hjá konum yfir sextugu og knattspyrnukonum,“ segir hún í léttum dúr. „Eftir aðgerðina tekur við bataferli sem ég ætla að nýta til að skoða mín mál fyrir næsta sumar,“ segir Harpa sem hyggst ekki útiloka neina möguleika fyrir næsta sumar, hvort sem hún spilar hér á landi eða ytra. **eirikur@frettabladid.is**

Harpa Þorsteinsdóttir skoraði tvö mörk fyrir Ísland í Slóveníu og átti stóran þátt í tveimur til viðbótar.

## Stolt af hundraðasta leiknum



Það voru blendnar tilfinningar hjá Hólmfríði Magnúsdóttur eftir leikinn gegn Slóveníu í gær. Hún fór meidd af velli í fyrri hálfleik en þetta var hennar 100. A-landsleikur. „Ég er mjög stolt af því að ná 100 landsleikjum enda mikið afrek,“ sagði Hólmfríður. „Ég man alla hina 99 leikina og mun líka muna eftir 100. leiknum, þrátt fyrir allt.“

Hólmfríður var tæp vegna bólgu í liðbandi í hné fyrir leikinn og vissi að hún væri að tefla á tvær hættur með því að spila. „En nú fer öll mín orka í að ná fullri heilsu því ég stefni á að vera með mínu liði í bikarúrslitaleiknum 21. nóvember,“ segir Hólmfríður sem spilar með Avaldsnes í Noregi.

## Hundraðsti A-landsleikurinn



| Ár | Katrín Jónsdóttir 2010 | Edda Garðarsdóttir 2013 | Þóra B. Helgadóttir 2014 | Dóra M. Lárusdóttir 2014 | Margrét L. Viðarsdóttir 2015 | Hólmfríður Magnúsdóttir 2015 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Á heimavelli | 🇮🇸 | | | | 🇮🇸 | |
| Fagnaði sigri | 🇮🇸 | | 🇮🇸 | 🇮🇸 | 🇮🇸 | 🇮🇸 |
| Í byrjunarliði | 🇮🇸 | | 🇮🇸 | 🇮🇸 | 🇮🇸 | 🇮🇸 |
| Með fyrirliðabandið | 🇮🇸 | | 🇮🇸 | 🇮🇸 | 🇮🇸 | |
| Skoraði | 🇮🇸 | | | | | |
| Lék allan leikinn | 🇮🇸 | | 🇮🇸 | | | |
| Undir þrítugu | | | | 🇮🇸 | 🇮🇸 | |
| Yfir þrítugu | 🇮🇸 | 🇮🇸 | 🇮🇸 | | | 🇮🇸 |

**29. október - alþjóðadagur psoriasis**
**#ihopepso #iactpso #ichangepso**

**Samtök psoriasis og exemsjúklinga, Spoex, halda upp á daginn með fróðleik og samveru**

**Dagskrá:**

**Ingvar Ágúst Ingvarsson, *formaður Spoex:***
„Vona- virkja - breyta“
**Björn Guðbjörnsson, *gigtarlæknir:***
„Birtingamyndir psoriasisgigtar“
**Bettý Gunnarsdóttir, *ACC Markþjálfi:***
Markþjálfun-opnar á möguleika
**Þórkatla Aðalsteinsdóttir, *sálfræðingur:***
„Um gagnsemi jákvæðra viðhorfa“

Kynningar á húðvörum frá ýmsum aðilum.
Veitingar í boði félagsins.

**Staður**: Grand Hótel Reykjavík, Setrið, Sigtúni 38
**Stund**: Fimmtudagur 29. október kl: 16:00-18:00

**Verið öll velkomin**

SPOEX

## Nýjast

**Undankeppni EM 2017**

Slóvenía - Ísland 0-6
0-1 Dagný Brynjarsdóttir (15.), 0-2 Harpa Þorsteinsdóttir (20.), 0-3 Harpa (65.), 0-4 Margrét Lára Viðarsdóttir (69.), 0-5 Sandra María Jessen (80.), 0-6 Dagný (86.)
**Lið Íslands:** Guðbjörg Gunnarsdóttir (77. Sandra Sigurðardóttir) - Rakel Hönnudóttir, Glódís Perla Viggósdóttir, Anna Björk Kristjánsdóttir, Hallbera Guðný Gísladóttir - Sara Björk Gunnarsdóttir, Dagný Brynjarsdóttir - Fanndís Friðriksdóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir (72. Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir), Hólmfríður Magnúsdóttir (30. Sandra María Jessen) - Harpa Þorsteinsdóttir.

**Stig þjóða í riðli Íslands**
Ísland 9 (3 leikir), Skotland 6 (2 leikir), Slóvenía 3 (3 leikir), Makedónía 0 (1 leikur), Hvíta-Rússland 0 (3 leikir).

**SIGMUNDUR DÆMIR Í EUROLEAGUE Á MORGUN**



FIBA-dómarinn Sigmundur Már Herbertsson er á leið til Frakklands þar sem hann mun á morgun, miðvikudag, dæma leik Tango Bourges Basket og AGU Spor frá Tyrklandi í Meistaradeild kvenna (Euroleague Women) en leikurinn fer fram í Bourges í Frakklandi. Meðdómarar Sigmundar verða Gintaras Vitkauskas frá Litháen og Ernad Karovic frá Bosníu og Hersegóvínu. Eftirlitsmaður er Alison Muir frá Englandi. Sigmundur dæmdi á EuroBasket í sumar í riðlinum sem fram fór í Lettlandi og stóð sig mjög vel.

**HVAÐA STJÖRNULIÐ MÆTIR Í SAFAMÝRINA Í KVÖLD?**



Sex af sjö leikjum 8. umferðar Olís-deildar kvenna í handbolta fara fram í kvöld. Athyglisverðasti leikur kvöldsins er viðureign Fram og Stjörnunnar í Framhúsinu. Framliðið er í 3. sæti deildarinnar en þremur stigum og fjórum sætum neðar er Stjörnuliðið. Stjarnan hefur heldur betur sýnt á sér tvær hliðar í vetur en Stjörnustúlkur hafa unnið alla heimaleiki sína með 11,3 mörkum að meðaltali en eiga enn eftir að fá stig á útivelli (3 töp í 3 leikjum). Fram getur unnið sinn fimmta leik í röð alveg eins og Haukakonur sem taka á móti KA/Þór. Það verður líka athyglisverður leikur á Selfossi þar sem heimastúlkur taka á móti Val en bæði liðin eru með 10 stig í 5. til 6. sæti.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.40 | **Sheff.Wed. - Arsenal** | Sport 2 |
| 19.40 | **Bologna - Inter** | Sport 3 |
| 19.30 | **Selfoss - Valur** | Selfoss |
| 19.30 | **HK - Fylkir** | Digranes |
| 19.30 | **Haukar - KA/Þór** | Schenkerh. |
| 19.30 | **Afturelding - ÍR** | N1 höllin |
| 20.00 | **Fjölnir - FH** | Dalhús |
| 20.00 | **Fram - Stjarnan** | Framhús |







OPIÐ HÚS Í DAG

# BLÖNDUHLÍÐ 5

**OPIÐ HÚS Í DAG, ÞRIÐJUDAGINN 27. OKTÓBER KL. 17:45-18:15**

Falleg 200,6 fm sjö til átta herbergja hæð og ris á annari hæð við Blönduhlíð í Reykjavík. Sex svefnherbergi. Tvö eldhús. Tvö baðherbergi. Frábær staðsetning og stutt í alla helstu þjónustu. Miklir útleigumöguleikar. Bílskúrsréttur fylgir eigninni. **Ásett verð 64,9 millj.**



**Kristján Baldursson hdl.**
hdl. löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040 • kristjan@trausti.is



**Bergþóra Heiða Guðmundsdóttir**
Lögfræðingur lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, lögg. leigumiðlari.
S: 779-1929 • heida@trausti.is



**Auðun Ólafsson**
Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna- fyrirtækja og skipasölu.
S: 894-1976 • audun@trausti.is

TRAUSTI fasteignasala

Trausti fasteignasala • trausti@trausti.is • s.546-5050 • Vegmúla 4 • 108 Reykjavík

Landmark leiðir þig heim!

LANDMARK
FASTEIGNASALA
Sími 512 4900
landmark.is



**Sveinn Eyland**
Löggiltur fasteignasali
Sími 690 0820



**Nadia Katrín**
sölufulltrúi
s. 692.5002

BÓKIÐ SKOÐUN



# VINDAKÓR 2-8, 203 KÓP.

AÐEINS 5 ÍBÚÐIR EFTIR





- **Bjartar og vel skipulagðar 5.herb íbúðir**
- Íbúðir eru afhentar fullbúnar án aðalgólfefna
- Búið er að flísaleggja baðherbergi og þvottaherbergi
- Stæði í bílgeymslu með öllum íbúðum
- Íbúðir eru 149 – 166 fm / 3-4 svefnherbergi
- Vandaðar innréttingar frá AXIS
- Íbúðir eru lausar til afhendingar við kaupsamning

**Verð kr. 45.7 – 46.9.- millj.**

EFTIRTALIN FYRIRTÆKI VEITA KAUPENDUM AFSLÁTTARKJÖR AF VÖRUM Í VERSLUNUM SÍNUM

Betra BAK · HEIMA HÚSID · LUMEX · Vogue · Birgisson · SMITH & NORLAND

Okkar ástkæri
**Páll Brynjarsson**
lést þann 15. október síðastliðinn. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 30. október klukkan 11.00.

**Bärbel Auf der Mauer**
**Þórunn Brynja Júlíusdóttir** **Brynjar Örn Gunnarsson**
**Bernd Auf der Mauer** **Karina Auf der Mauer**
**Erla Brynjarsdóttir** **Brynjar I. Unnsteinsson**
**Gísli Brynjarsson** **Anna Björk Sigurjónsdóttir**
**Martin Auf der Mauer** **Kaj Auf der Mauer**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Andrés Gilsson**
stýrimaður,
lést á Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 21. október. Útförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 30. október klukkan 13.

**Valgerður Hrefna Gísladóttir**
**Guðríður Andrésdóttir**
**Grímheiður Andrésdóttir** **Jóhann Bogason**
**Kristjana Friðbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og systir,
**Soffía Ragnheiður Ragnarsdóttir**
Gullsmára 11,
lést á Grensásdeild Landspítalans aðfaranótt þriðjudagsins 20. október. Útför hennar fer fram frá Áskirkju fimmtudaginn 29. október kl. 15.

**Jón Ómar Valgeirsson**
**Helga Berglind Valgeirsdóttir**
**Kristján Grétar Kristjánsson**
**Kristján Máni Kristjánsson**
**Soffía Hrönn Kristjánsdóttir**
**og systkini hinnar látnu.**

*Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda*
MEÐ VIRÐINGU OG KÆRLEIK Í 66 ÁR
ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*
www.útför.is



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Hér má sjá mynd frá 70 ára skáldaafmæli Halldórs Kiljans Laxness. Svavar Gestsson, þáverandi menntamálaráðherra, og Halldór skoða höggmynd af Halldóri í Landsbókasafninu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sextíu ár frá því að Laxness var tilnefndur

**Sýning tileinkuð tilnefningu Halldórs Laxness til Nóbelsverðlaunanna er opnuð í dag. Á sýningunni gefst gestum kostur á að rifja þessa merku stund upp. Ávörp verða haldin í tilefni dagsins. Segja má að tilnefning Halldórs hafi eflt þjóðarstoltið á erfiðum tímum.**

Sýning með gripum er tengjast tilnefningu Halldórs Laxness til Nóbelsverðlaunanna verður opnuð í Þjóðarbókhlöðunni í dag. Þennan dag fyrir sextíu árum var tilkynnt um tilnefningu Halldórs og greip um sig mikil gleði á meðal landsmanna. „Ætli þetta hafi ekki verið til þess að efla þjóðarstoltið. Þetta var sá tími þegar skömmtun var í gangi í þjóðfélaginu, eftir stríð. Þetta hefur verið gott fyrir þjóðarstoltið,“ segir Ólafur Engilbertsson, sem sér um sýningar- og kynningarmál hjá Landsbókasafni.

**Ýmsir munir**

Á sýningunni, sem verður opnuð klukkan 17 í dag, verða margir munir sem tengjast tilnefningu Halldórs Laxness. „Þarna eru ýmis forvitnileg gögn. Til að mynda sætaskipan í veislunni sem Svíakonungur efndi til eftir að Halldór fékk verðlaunin, þann 10. desember 1955. Kvöldverðurinn var haldinn í ráðhúsinu í Stokkhólmi og þangað var fjölda manns boðið. Á meðal Íslendinga voru útgefandinn Ragnar í Smára, Sigurður Norðdal og Jón Helgason. Einnig verða forsíður íslensku blaðanna til sýnis, en það er forvitnilegt að sjá hversu mismunandi afstöðu þau tóku til tilnefningarinnar.“



**Ólafur J. Engilbertsson hvetur fólk til þess að kíkja á sýninguna.**

Auk þess verður sjálfur Nóbelspeningurinn til sýnis í Þjóðarbókhlöðunni. „Einnig verður Nóbelsskjalið á staðnum og lárviðarkrans úr silfri. Jafnan eru þessir hlutir varðveittir í Seðlabankanum,“ útskýrir Ólafur.

**Var erlendis**

Þegar tilkynnt var um tilnefninguna var Halldór staddur í útlöndum. „Já, hann var í Gautaborg í Svíþjóð, þennan dag fyrir sextíu árum. Hann kom svo heim með Gullfossi þann fjórða nóvember og beið hans mikill mannfjöldi við höfnina. Alþýðusamband Íslands og Bandalag íslenskra listamanna tóku sérstaklega á móti Halldóri. Hannibal Valdimarsson og Jón Leifsson héldu ávörp,“ rifjar Ólafur upp. Ríkisútvarpið hefur unnið sérstakan vef sem tileinkaður er Nóbelsverðlaunum Halldórs. Vefurinn verður aðgengilegur á snertiskjá á sýningunni.

**Menntamálaráðherra á staðnum**

Við opnun sýningarinnar í dag flytur Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, ávarp. Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður heldur einnig ræðu við tilefnið. Hljómsveitin Hundur í óskilum flytur brot úr dagskránni Skáld í skólum, sem Rithöfundasamband Íslands stendur fyrir og Þór Tulinius leikari flytur ávarp Halldórs Laxness. Kynnir er Fríða Björk Ingvarsdóttir, formaður stjórnar Gljúfrasteins. Þórarinn Eldjárn rithöfundur skrifar texta sýningarinnar en sýningarteymið skipa þau Guðný Dóra Gestsdóttir, Bragi Þ. Ólafsson og Ólafur Engilbertsson. Sýningin stendur fram í mars á næsta ári.
**kjartanatli@frettabladid.is**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,
**Guðbjartur Hannesson**
alþingismaður og fyrrverandi skólastjóri,
lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi 23. október. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 30. október klukkan 14. Útsending frá Akraneskirkju verður í Tónbergi, sal tónlistarskólans á Akranesi.

**Sigrún Ásmundsdóttir**
**Birna Guðbjartsdóttir** **Ólafur Axel Jónsson**
**Hanna María Guðbjartsdóttir** **Stefán Már Möller**
**Dagur Sölvi Ólafsson, Bjarki Ólafsson.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Guðmundur Jónasson**
skipasmiður og verkstjóri, lengst að Básenda 7
lést þann 14. október að Sóltúni 2. Hann verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni föstudaginn 30. október kl. 13.00.

**Guðjón Guðmundsson** **Karen Christensen**
**Margrét Guðmundsdóttir** **Þórarinn Hjartarson**
**Snorri Steinn Guðjónsson** **Marín Sörens Madsen**
**Dóróthe Guðjónsdóttir**
**og barnabarnabörn.**




**HEFST Í KVÖLD**

# LÓA PIND – ÖRIR ÍSLENDINGAR

Vönduð þriggja þátta heimildaþáttaröð þar sem Lóa Pind fylgist með fjórum einstaklingum sem allir eiga það sameiginlegt að hafa greinst með ADHD á fullorðinsárum. Hvað gerir fullorðið fólk þegar það greinist með ADHD? Tekur það bara pillu og einkennin hverfa? Ekki missa af áhugaverðum þætti í kvöld kl. 19:25.

365.is | Sími 1817

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur




Í dag hvessir af suðaustri og austri og má búast við að vindur verði á bilinu 8-15 m/s, hvassast við suðurströndina. Þykknar upp og fer að rigna og hlýnar jafnframt sunnan- og vestan til. Fyrir norðan verður hægur vindur og bjartviðri, en skýjað og hlánar víða í kvöld.




## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. eyja
6. hvort
8. stroff
9. sefa
11. átt
12. framrás
14. mjóróma
16. borðaði
17. fóstra
18. pfn
20. tveir eins
21. kk nafn

**LÓÐRÉTT**
1. land í S-Ameríku
3. frá
4. vinmargur
5. sóða
7. pedali
10. rölt
13. púka
15. hróp
16. keraldi
19. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** 2. java, 6. ef, 8. fit, 9. róa, 11. na, 12. útrás, 14. skræk, 16. át, 17. ala, 18. mig, 20. ll, 21. uggi.
**LÓÐRÉTT:** 1. Perú, 3. af, 4. vinsæll, 5. ata, 7. fótstig, 10. ark, 13. ára, 15. kall, 16. ámu, 19. gg.

### Skák Gunnar Björnsson

Tal átti leik gegn Medina á Mallorca árið 1966.



**Svartur á leik**

**1. ... Re3!!** Hvítur gaf enda verður frípeð svarts ekki stöðvað. Íslensku keppendurnir 17 fengju 5½ vinning í fyrstu umferð HM ungmenna.

**www.skak.is:** Aron Þór unglingameistari TR.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | 3 | 1 | 9 | | 2 | 4 | |
| | | 7 | 2 | | | | | 9 |
| | | 4 | 5 | | | | 1 | |
| | | | | 1 | | | | 4 |
| | 6 | | | | | | 9 | |
| 7 | 9 | 2 | | 3 | | | 6 | |
| 1 | | 6 | | 5 | | | | 8 |
| 2 | 4 | | | 8 | 7 | 6 | | |
| | 8 | | | | | 9 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | 1 | | | 6 | 7 | 4 |
| | | | | 6 | | 5 | 8 | |
| 3 | | | | | | 9 | 2 | |
| | | | 7 | | 4 | 8 | 6 | |
| 2 | | | | 9 | | | | |
| | | | 2 | 8 | | | | 5 |
| | | 1 | | | | | 5 | |
| | | | | | | | | |
| 6 | | 2 | 9 | 3 | 7 | | 4 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 1 | 3 |
| | | 3 | 5 | 9 | | | | |
| | | 4 | | 6 | | | | |
| 7 | | | | | | | | 5 |
| | | | 6 | 5 | | 7 | 9 | |
| | 5 | | 3 | | | 1 | 2 | |
| 6 | | 1 | | | | 2 | 4 | |
| 3 | | | | 4 | | 9 | | |
| | | | 9 | 8 | | | 6 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 7 | 8 | 3 | 5 | 2 | 4 | 6 |
| 2 | 4 | 5 | 9 | 6 | 7 | 1 | 3 | 8 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 5 | 4 | 8 | 9 | 2 |
| 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 |
| 9 | 2 | 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 1 | 9 | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 | 3 |
| 6 | 3 | 2 | 7 | 9 | 8 | 5 | 1 | 4 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 5 | 8 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 8 | 9 | 3 | 5 | 7 | 2 | 1 | 4 |
| 3 | 7 | 4 | 1 | 2 | 9 | 5 | 6 | 8 |
| 7 | 2 | 1 | 6 | 8 | 3 | 4 | 5 | 9 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 9 | 4 | 3 | 5 | 1 | 2 | 7 | 8 | 6 |
| 4 | 3 | 2 | 7 | 6 | 5 | 8 | 9 | 1 |
| 8 | 9 | 7 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 | 5 |
| 1 | 5 | 6 | 4 | 9 | 8 | 3 | 7 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 4 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 |
| 5 | 8 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 | 3 | 1 |
| 6 | 1 | 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 5 | 7 |
| 4 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 | 7 | 6 | 9 |
| 9 | 2 | 7 | 5 | 6 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 9 | 7 | 2 | 4 | 5 |
| 7 | 3 | 6 | 8 | 2 | 5 | 1 | 9 | 4 |
| 1 | 9 | 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 2 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 6 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








MAGGI EIRÍKS
AUKATÓNLEIKAR
sunnudaginn 1. nóvember kl. 20
Færri komust að en vildu á síðustu tónleika
Viktoría Hermannsdóttir „Frábær kvöldstund"
FRÉTTABLAÐIÐ
★★★★½
Miðasala á harpa.is | 528 5050 | tix.is
70 ára
Reyndu aftur
Braggablús
Elska þig
Vegurinn heim
Samferða
Ó, þú
Magnús Eiríksson fagnar sjötíu ára afmæli sínu með stórtónleikum í Eldborg, þann 19. september. Dregnir verða fram gimsteinar, konfektmolar og blúsaðar perlur úr óviðjafnanlegu lagasafni Magnúsar sem fyrir löngu er samofið þjóðarsál Íslendinga.
Nýir og gamlir vinir líta við: Ellen Kristjánsdóttir, Valdimar Guðmundsson, Pálmi Gunnarsson og Ragnheiður Gröndal. Hljómsveit ásamt strengjasveit leikur undir stjórn Þóris Úlfarssonar.
Ómissandi tónleikar fyrir ómissandi fólk.
Miðasala hafin á aukatónleika: harpa.is | 528 5050 | tix.is
HARPA
DÆGURFLUGAN

## Einstök kona í ólgandi veröld

**BÆKUR**

**Mamúska Sagan um mína pólsku ömmu**

★★★★☆

**Höfundur: Halldór Guðmundsson**
**Útgefandi: JPV**
**Prentmiðlun / Lettlandi**
**220 bls.**
**Kápuhönnun: Halla Sigga / Forlagið**




„Ævisagnaritari verður alltaf að hafa að minnsta kosti tvær persónur í huga: Viðfangsefnið og sögumanninn. Ef viðfangsefnið er enn á lífi eru æði miklar líkur á því að hann eða hún sameinist sögumanninum í fegrun, jafnvel fölsun sögunnar.“ Svona hefst fjórða heimsókn ævisöguritarans Halldórs Guðmundssonar til Mamúsku. En í bókinni Mamúska Sagan um mína pólsku ömmu segir Halldór frá ævi merkrar konu sem hann kynntist haustið 1986 sem ungur útgefandi við aðra heimsókn sína á hina víðfrægu bókamessu í Frankfurt.

Mamúska, eða Marianne Kowalew eins og hún hét réttu nafni, var merkiskona. Leiðir hennar og ævisöguritarans liggja saman þegar sá síðarnefndi heimsækir veitingatað sem hún rak árum saman í Frankfurt og átti eftir að verða þungamiðja íslenskrar gleði og skemmtanahalds á bókamessunni frægu. Veitingastaðurinn Scarlet Pimpernel var enginn venjulegur veitingastaður og Mamúska sem þar réð ríkjum í áratugi var engin venjuleg kona. Í áranna rás tekst falleg vinátta á milli þessarar merku konu og útgefandans unga sem síðar varð ævisagnaritari og það leynir sér ekki í frásögn Halldórs að hann er nokkuð litaður af tilfinningum sínum til gömlu konunnar.

Framan af er reyndar dálítið eins og lesandinn sé með fádæma langa tækifærisræðu í höndunum, slík er hrifning höfundar á viðfangsefni sínu, þar sem hrifning gesta veitingastaðarins er tíunduð á helst til mörgum blaðsíðum. Að því loknu nær ævisagnaritarinn sér betur á flug og í framhaldinu verður persónulegt samband viðfangs og höfundar einn innihaldsríkasti og skemmtilegasti þáttur frásagnarinnar og þá ekki síst eilífðarbarátta höfundarins við samþykkt og viðurkenningu viðfangsefnisins.

Halldór er klókur ævisagnaritari og hann fer þá leið að hver og einn kafli bókarinnar nær utan um eina heimsókn til Mamúsku þar sem þau skoða saman ákveðið æviskeið. Það eru reyndar í senn fólgin í því ákveðin vonbrigði og sjarmi og jafnvel persónulýsing hversu treg sú gamla er í taumi við sinn góða ævisagnahöfund. Ítrekað þvertekur Mamúska fyrir það að ræða ákveðna þætti ævi sinnar, bæði persónulega sem og almenna, en Halldór leysir þetta listilega. Fer með lesandann í ferðalag um æskuslóðir hennar og blóði drifna sögu Evrópu. Tengir saman persónulega sögu merkrar alþýðukonu, baráttu stórþjóða, sögu stétta og margt fleira sem veitir lesandanum innsýn í veröld sem var.

Mamúska er þeirrar kynslóðar í Evrópu sem þurfti að gleyma til að lifa og saga hennar er því ekki síst forvitnileg í ljósi þess flóðs endurlitsbókmennta samtímans þar sem allt er látið flakka. Auðvitað er því ekki að neita að stundum langar lesandann til þess að gægjast aðeins lengra undir yfirborðið í lífi þessarar athyglisverðu konu, koma að kaflanum þar sem hún lætur allt flakka og sársaukinn af lífi sem var löngum lifað í skugga hörmunga dreginn fram. En hún var ekki þannig kona heldur barn síns samtíma og sinna hátta. Þetta virðir Halldór við verkið og fyrir vikið verður sambandið á milli þeirra einn ríkulegasti þáttur bókarinnar.

Umbrot og útlit stendur ekki alveg undir gæðum efnisins og má m.a. geta þess að bókina prýða allmargar ljósmyndir og er kannski ofsögum sagt að það sé einhver sérstök prýði að þeim. Misvel tekst til við litgreiningu og prentun þessara blessuðu mynda en þær eru þó engu að síður ágætt innlit í heillandi veröld. **Magnús Guðmundsson**

**NIÐURSTAÐA** Skemmtileg ævisaga merkrar konu sem vildi þó ekki deila öllu með lesendum sínum sem fá í staðinn átakasögu Evrópu á öldinni sem leið.






Haraldur Ingi Haraldsson sýningarstjóri segir bjart fram undan í norrænni grafíklist.

# Það er bullandi retró í gangi

**Haraldur Ingi Haraldsson, sýningarstjóri á sýningunni GraN í Listasafni Akureyrar, segir að grafíkin sé að koma aftur og margt spennandi fram undan.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Um síðustu helgi var opnuð hjá Listasafni Akureyrar sýningin GraN þar sem sýnd eru grafíklistaverk víða frá Norðurlöndum. Sýningarstjóri er Haraldur Ingi Haraldsson og hann segir að þetta verkefni eigi sér talsverðan aðdraganda. „Fyrir tveimur árum stofnuðum við lítinn félagsskap sem heitir GraN eða Grafík Nordica. Þessi félagsskapur er ávöxtur ýmissa hugmynda sem voru búnar að vera talsvert á sveimi varðandi grafík og grafíkmyndlist og samstarf á sviði grafíkmyndlistar við önnur lönd.

Fljótlega var farið í að hafa samband við önnur félög á Norðurlöndunum í þessari listgrein og leita hófanna um að halda hugsanlega grafíska þríæringa yfir öll Norðurlöndin. Listasafnið á Akureyri kom fljótlega inn í þetta og til að gera langa sögu stutta þá gekk þetta starf allt saman mjög vel, var styrkt af bæði Norræna menningarsjóðnum og Eyþingi hér á Akureyri, og hingað komu tuttugu og fjórir aðilar alls staðar frá Norðurlöndunum sem voru valdir til þess sérstaklega að sýna og jafnframt fulltrúar landanna til þess að sitja hér ráðstefnu og fjalla um áframhaldandi samstarf í þessu fagi.

Málið er að grafíkin er svolítið sérstök og sér á báti innan myndlistarinnar. Það er oft mikið handverk í þessu, það er rekstur á ákveðnum tækjum og prentstofum sem fylgir þessu og það gerir þetta líka skemmtilegt að hafa þetta svona öðruvísi innan myndlistarheimsins.

En stóra málið er að það er búið að ákveða það að þessi þríæringur verður fastur liður og við erum byrjuð að vinna að þeim fyrsta sem verður hér á Akureyri 2018, en brokkar síðan yfir öll Norðurlönd á þriggja ára fresti. Að auki, sem eru nú ekki minni tíðindi, þá ætlum við að vinna saman að eflingu grafíklista á ýmsum öðrum sviðum; á sviði fræðslustarfa, sýningarhalds, vera með gestavinnustofur og svo mætti áfram telja. Markmiðið er að ná að skjóta undir þetta efnahagslegum rótum í sameiningu.“

Haraldur Ingi segir að því sé ekki að neita að grafíklistin hafi átt undir högg að sækja á síðustu árum. „Það er alveg klárt. Hún hefur verið að detta út úr skólum á Norðurlöndunum og annað slíkt en nú er þetta allt að breytast enda alveg bullandi retró í gangi. Við erum í raun að beisla þann fák ef svo má segja. Maður heyrir það frá þessu fólki sem kom og heimsótti okkur frá Norðurlöndunum að það er mikill áhugi á meðal ungs fólks. Margir tala um leiða á því að sitja við tölvuna og að fólk vilji nú fara að vinna hlutina aftur með höndunum, snerta pappír, fá blek á hendurnar og vera svona „hands on“ eins og þar stendur.

Það er mjög gaman að sjá þessa þróun. Núna þegar tölvan er í raun búin að slíta barnsskónum þá fara fleiri að líta á þetta sem eðlilegan hlut og bara eitt af tólunum í verkfærakassanum. Þá er kominn tími til þess að standa upp af rassinum og velta því fyrir sér hvað heimurinn hafi nú annað að bjóða. Þá er grafíkin svo skemmtileg og það er alveg bullandi þróun í henni. Það er mikið að gera t.d. í þrívídd og alls kyns innsetningum og dótaríi með prentgræjum.

**ÞÁ ER GRAFÍKIN SVO SKEMMTILEG OG ÞAÐ ER ALVEG BULLANDI ÞRÓUN Í HENNI.**

Þetta er spennandi og það má eiginlega segja að við höfum verið að vinna sögulegan sigur hérna fyrir norðan og það að við skulum vera í forystu fyrir þetta tryggir okkur að það verði sitthvað skemmtilegt við að vera. Það er jú það sem gefur lífinu gildi og grafíkin er á uppleið.“



Nokkur verkanna á sýningunni GraN í Listasafni Akureyrar.


25% AFSLÁTTUR
af fataskápum, kommóðum
og náttborðum by tvilum
SAVE RENNIHURÐASKÁPAR
150 cm frá ~~kr. 108.900,-~~ kr. 81.675,-
200 cm frá ~~kr. 121.100,-~~ kr. 90.825,-
Til í eik eða hvítu
DANE KOMMÓÐA
~~kr. 44.900,-~~ kr. 33.675,-
Til í hvítu eða hvítu háglans
NAIA NÁTTBORÐ
~~kr. 15.900,-~~ kr. 11.925,-
Til í eik eða hvítu
MARGIR
UPPSETNINGAR
MÖGULEIKAR
PEPE NÁTTBORÐ
~~kr. 16.900,-~~ kr. 12.675,-
Til í hvítu eða kirsuberja
SAVE FATASKÁPAR
100 cm frá ~~kr. 57.300,-~~ kr. 42.975,-
150 cm frá ~~kr. 71.200,-~~ kr. 53.400,-
200 cm frá ~~kr. 86.100,-~~ kr. 64.575,-
Til í eik, hvítu eða hvítu háglans
Hirzlan
Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040
w w w . h i r z l a n . i s
FLEIRI AFSLÁTTARVÖRUR Á HIRZLAN.IS

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
THE WALK — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
Prestir
KLOVN FOREVER — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
EVEREST — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| CRIMSON PEAK | 8, 10:30 |
| PAN 3D ÍSL | 5:30 |
| HÓTEL TRANSYLV. 2D ÍSL | 5:50 |
| KLOVN FOREVER | 8, 10:10 |
| EVEREST 3D | 5:30, 8 |
| SICARIO | 10:30 |

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
VIN DIESEL ÓLAFUR DARRI
THE LAST WITCH HUNTER — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
HVERNIG BYRJAÐI ÆVINTÝRIÐ UM PÉTUR PAN? FRÁBÆR FJÖLSKYLDUMYND
PAN — SÝND Á ÍSLENSKU OG ENSKU TALI — SÝND Í 2D OG 3D — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
HVAÐ ER SVONA MERKILEGT VIÐ ÞAÐ?
EVEREST — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
CRIMSON PEAK — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
LEGEND — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
BLACK MASS — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 5:30 - 8 - 10:40 |
| THE LAST WITCH HUNTER VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:40 |
| PAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| PAN ENSKT TAL 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| LEGEND | KL. 10:10 |
| BLACK MASS | KL. 9 |
| EVEREST 3D | KL. 8 - 10:30 |
| EVEREST 2D | KL. 6 |
| VACATION | KL. 8 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| HVAÐ ER SVONA MERKILEGT VIÐ ÞAÐ? | KL. 5:40 - 7:20 |
| PAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| LEGEND | KL. 9 |
| BLACK MASS | KL. 10:30 |
| THE INTERN | KL. 8 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG
GILDIR EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| PAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| CRIMSON PEAK | KL. 8 - 10:40 |
| LEGEND | KL. 8 - 10:30 |
| THE INTERN | KL. 5:20 |
| EVEREST 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 8 - 10:30 |
| PAN ÍSL TAL 3D | KL. 5:30 |
| PAN ENSKT TAL 2D | KL. 8 |
| CRIMSON PEAK | KL. 10:30 |
| HÓTEL TRANSYLVANÍA 2 ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 8 - 10:30 |
| PAN ÍSL TAL 3D | KL. 5:30 |
| CRIMSON PEAK | KL. 8 |
| LEGEND | KL. 10:30 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

## 27. OKTÓBER 2015

### Tónlist

**Hvað?** Hádegistónleikar í Hafnarfjarðarkirkju
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Hafnarfjarðarkirkja
Guðmundur Sigurðsson leikur á bæði orgel kirkjunnar. Á efnisskránni eru fimm sálmforleikir úr Neumeister-safninu eftir Bach, Tvær hugleiðingar fyrir orgel eftir Tryggva M. Baldvinsson og lagið Eternally eftir Charles Chaplin. Kaffisopi að tónleikum loknum og aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Sinfónían á Akureyri
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Menningarhúsið Hof
Sinfóníuhljómsveit Íslands leggur land undir fót og spilar á Akureyri í kvöld. Daníel Bjarnarson, hljómsveitarstjóri og tónskáld, stjórnar meðan annars eigin verki sem frumflutt var í Los Angeles árið 2013. Arngunnur Árnadóttir klarínettuleikari flytur klarínettkonsert Mozarts. Tónleikunum lýkur svo á sinfóníu Tsjajkovskíjs sem samin var árið 1877. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Edda Borg og hljómsveit
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel
Tónlistarkonan Edda Borg kemur fram ásamt hljómsveit á djasskvöldi Kex hostels í kvöld. Edda leikur á hljómborð og syngur, Þórir Úlfarsson á hljómborð, Friðrik Karlsson á gítar, Sigurður Flosason á saxófón og slagverk, Bjarni Sveinbjörnsson á bassa og Jóhann Hjörleifsson á trommur. Leikin verða lög af geisladiski Eddu, No Words Needed, og einnig verður flutt nýtt efni. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Dj The Dude
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Big Lebowski Bar

**Hvað?** Dj Sunna Ben
**Hvað?** 21.00
**Hvenær?** Húrra

**Hvað?** Mandólín
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg

**Hvað?** Mick Hargan & Daniel Hjálmtýsson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Dillon

**Hvað?** Trúbadorinn Roland
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** American Bar

**Hvað?** Dj Ívar Pétur
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Kaffibarinn

Drottinn er styrkur minn og skjöldur, honum treystir hjarta mitt...
www.versdagsins.is



Sinfóníuhljómsveit Íslands verður í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri í kvöld kl. 18.00.

### Uppákomur

**Hvað?** Barnabingó
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Menningarhús, Sólheimum 27
Skemmtilegt bingó fyrir börn í haustfríinu. Heppnir þátttakendur fá bókavinninga. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Up-cycling Café
**Hvað?** 16.00
**Hvenær?** Loft hostel
Endurvinnsla þar sem ýmsu er breytt í nýtilega hluti. Meðal annars verður sýnt hvernig á að gera veski úr djúsfernum og nýta gamlan pappír til þess að búa til glósubækur.

**Hvað?** Merkir Íslendingar
**Hvað?** 17.15
**Hvenær?** Félagsmiðstöðin, Hæðargarði 31
Sagnfræðingurinn Eyrún Ingadóttir segir gestum frá lífi og starfi Guðrúnar Lárusdóttur, rithöfundar og þingmanns Sjálfstæðisflokksins. Guðrún lést árið 1938 í bílslysi ásamt tveimur dætrum sínum. Auk þingmennsku og ritstarfa tók hún virkan þátt í ýmsum félagsmálastörfum þess tíma. Að lokinni umfjöllun Eyrúnar munu systurnar Guðrún Lára Ásgeirsdóttir og Sigrún Valgerður Ásgeirsdóttir segja frá ömmu sinni. Aðgangseyrir 500 krónur.

**Hvað?** Bangsasögustund
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Bókasafn Hafnarfjarðar
Barnasögustund á Bókasafni Hafnarfjarðar. Allir velkomnir!

**Hvað?** Dans í dimmu #8
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Dansverkstæðið, Skúlagötu
Dansað, glaðst og svitnað í myrkri. Tíminn kostar 1.000 krónur og aðeins er tekið við reiðufé.

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Gender, Race and Privilege – Erlendar konur á Stígamótum
**Hvenær?** 08.30
**Hvar?** Stígamót
Morgunverðarröð Stígamóta um margbreytileika og forréttindi. Fjallað verður um samspil kyns og kynferðisofbeldis við kynþátt, uppruna og þjóðerni. Marai Larasi frá samtökunum Imkaan í Bretlandi fjallar um baráttu samtakanna og áherslu þeirra á margbreytileika, einnig mun Claudia Ashonie, stjórnarkona í Samtökum kvenna af erlendum uppruna, segja frá því sem er að gerast hérlendis. Viðburðurinn fer fram á ensku og er aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Hugleiðingar um viðhorf Íslendinga til dauðans fyrir kristnitöku. Dauðinn og sviðslist dauðans í heiðni
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Fyrirlestrarsalur Þjóðminjasafnsins
Terry Gunnell, prófessor í þjóðfræði við Háskóla Íslands, heldur erindi í fyrirlestraröð Þjóðminjasafnsins. Terry mun fjalla um athafnir í tengslum við greftrun í heiðnum sið og segir frá hugmyndum um hvert fólk fór eftir dauða sinn en fyrirlesturinn ber yfirskriftina Hugleiðingar um viðhorf Íslendinga til dauðans fyrir kristnitöku. Dauðinn og sviðslist dauðans í heiðni. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Verk og vinnuaðferðir
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Ketilhús, Listasafn Akureyrar
Tvíeykið Hugsteypan heldur fyrirlestur undir yfirskriftinni Verk og vinnuaðferðir. Hugsteypuna skipa þær Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir og Þórdís Jóhannesdóttir og munu þær fjalla um valin verk sem þær hafa unnið saman sem Hugsteypan og leggja áherslu á vinnuferli og aðferðir. En þær leggja nú lokahönd á sýninguna Umgerð sem verður opnuð í Listasafninu þann 31. október næstkomandi.

### Málþing

**Hvað?** Bestu barna og unglingabækurnar
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Kjallari Norræna hússins
Dagskrá um tilnefndar bækur til Barna- og unglingabókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Sigurður Ólafsson, á skrifstofu verðlaunanna, og Anette Øster flytja opnunarávarp auk þess sem ýmislegt annað er á dagskránni. Málþingið fer fram á skandinavísku og ensku og er aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Bestu skáldverkin
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Norræna húsið
Dagskrá um tilnefndar bækur til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs í sal Norræna hússins. Málþingið fer fram á skandinavísku og ensku, er ókeypis og öllum opið.

BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

| | | | |
|---|---|---|---|
| Back in time | 18:00 | Virgin mountain ENG SUB | 20:00 |
| Jóhanna – síðasta orrustan | 18:00 | Love 3d | 22:00 |
| Ice and the sky ENG SUB | 18:00 | Pawn sacrifice | 22:00 |
| Stúlkurnar á Kleppj. | 20:00 | 99 homes | 22:00 |
| Stille hjerte | 20:00 | | |

STÚLKURNAR Á KLEPPJÁRNSREYKJUM
99 HOMES



# Trendið

## Með belti um sig miðja









Áberandi belti virðast vera að ryðja sér til rúms og verða að öllum líkindum nokkuð útbreidd áður en langt um líður. Grófar sylgjur og fyrirferðarmikil belti eru þá helst til vænlegust til vinnings ætli fólk sér að skora hátt. Þetta trend er sérlega heppilegt fyrir þær sakir að þannig má ramma líkamann inn á skemmtilegan hátt, og undirstrika mittið, eða hreinlega búa það til sé skortur á, svo ekki sé minnst á praktíkina sem fylgir að halda uppi um sig brókinni.

Tískan gengur jú alltaf í hringi, og blessunarlega er komið að innrás beltanna aftur. Saga belta rekur sig allt aftur á bronsöld, en þá voru það aðallega karlar sem tileinkuðu sér herlegheitin. Um 1870 voru beltin vinsæl meðal kvenna og þá sérstaklega hjá þeim sem voru í samstæðum blússum og pilsum.

Á síðustu öld komu beltin svo í öllum mögulegum útfærslum, látin hanga laus á hippatímabilinu, skellt á strenginn á þeim útvíðu og á níunda áratuginum smeygt þétt um mittið og dillað við ABBA. Í framhaldinu tók svo við örlítil lækkun niður á við en mittið enn í hávegum haft, og seig svo rakleiðis niður að lífbeini. Nú er svo komið að beltið hefur bitið í skottið á sér og er komið aftur langleiðina upp í mitti.



**Brigitte Bardott í upphafi áttunda áratugar síðustu aldar.**



**Beverly Johnson í upphafi níunda áratugarins.**



**Jennifer Aniston á tíunda áratug síðustu aldar.**








Nurofen Apelsin

Íbúprófen mixtúra fyrir börn á aldrinum 6 mánaða til 12 ára

- Hitalækkandi
- Verkjastillandi
- Bólgueyðandi

Sýnt hefur verið fram á að Nurofen apelsin slær á hitann eftir aðeins 15 mínútur og áhrifanna gætir í allt að 8 klukkustundir

Fæst án lyfseðils í apótekum

Nurofen Apelsin 40 mg/ml mixtúra, dreifa. **Inniheldur** Íbúprófen. Til skammtímameðferðar gegn vægum til miðlungi alvarlegum verkjum eða hita. **Skammtar og lyfjagjöf:** Til inntöku. Dagsskammtur af Nurofen er 20-30 mg/kg líkamsþyngdar tekin inn í 3-4 aðskildum skömmtum á u.þ.b. 6 til 8 klst. fresti. Mælt er með því að sjúklingar sem eru viðkvæmir í maga taki Nurofen með mat. Ekki ráðlagt fyrir börn yngri en 6 mánaða eða undir 8 kg. Aðeins til skammtímanotkunar. Leita skal til læknis ef einkenni versna. Ef lyfið er notað án lyfseðils og einkenni barnsins eru viðvarandi í meira en 3 daga skal leita til læknis. Lágmarka má aukaverkanir með því að nota lægsta virka skammt í eins stuttan tíma og hægt er til að meðhöndla einkenni. **Ekki má taka lyfið ef þú:** Hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni, bólgueyðandi gigtarlyfjum, hveiti eða einhverju innihaldsefnanna, sögu um berkjukrampa, astma, nefslímubólgu eða ofsakláða í tengslum við inntöku acetýlsalicýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja, sögu um blæðingar eða rof í meltingarvegi í tengslum við fyrri meðferð með bólgueyðandi gigtarlyfjum, virk sár, eða sögu um endurtekin sár/blæðingar í maga, virka blæðingu í heila eða annars staðar, alvarlega lifrarbilun, alvarlega nýrnabilun, alvarlega hjartabilun, storkuvandamál, óútskýrðar truflanir á blóðmyndun svo sem blóðflagnafæð, ert á síðasta þriðjungi meðgöngu, tekur önnur bólgueyðandi gigtarlyf eða meira en 75 mg af acetýlsalicýlsýru daglega, ert með hlaupabólu, hefur nýlega gengist undir stóra skurðaðgerð, hefur ofþornað. **Gæta skal sérstakrar varúðar og ræða við lækni eða lyfjafræðing ef þú ert með, hefur einhvern tíman fengið eða átt hættu á að fá:** Bandvefssjúkdóm, þarmasjúkdóm, hjarta og/eða æðasjúkdóm, skerta nýrnastarfsemi, lifrarsjúkdóm, óþol fyrir sykrum eða ef þú tekur önnur lyf. Regluleg notkun verkjalyfja getur leitt til varanlegra truflana á nýrnastarfsemi. Andþyngsli geta komið fyrir ef barnið hefur astma, langvinnt nefrennsli, sepa í nefi eða ofnæmissjúkdóma. Örsjaldan hefur verið greint frá alvarlegum viðbrögðum í húð í tengslum við notkun bólgueyðandi gigtarlyfja. Hætta skal notkun Nurofen Apelsin strax við fyrstu merki um útbrot á húð, sár á slímhúðum eða önnur einkenni ofnæmisviðbragða. Lyf svo sem Nurofen Apelsin geta tengst aukinni hættu á hjartaáfalli eða heilaslagi. Ekki nota meira en ráðlagðan skammt og ekki lengur en ráðlagt er. Ef blæðing eða sár koma fram í meltingarvegi ætti að hætta meðferð strax. Hættan á blæðingum, sáramyndun eða rofi í meltingarvegi eykst við notkun stærri skammta af bólgueyðandi gigtarlyfjum, hjá sjúklingum með sögu um sár í meltingarvegi, einkum ef þeim hafa fylgt blæðingar eða rof og hjá öldruðum. Lyfið getur dulið einkenni sýkinga og hita. Sjúklingar með sögu um aukaverkanir í meltingarfærum, sérstaklega aldraðir, ættu að hafa samband við lækni án tafar og greina frá öllum óvenjulegum einkennum frá meltingarvegi. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfishafi: Reckitt Benckiser Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

www.apotekarinn.is

Apótekarinn+

- lægra verð




19:25
**LÓA PIND: ÖRIR ÍSLENDINGAR**
Hvað gerir fullorðið fólk sem greinist með ADHD? Tekur bara pillu og einkennin hverfa? Lóa Pind fylgdist í tæplega ár með fjórum sjarmerandi sveimhugum sem tækla tilveruna með ADHD. Í fyrsta þætti fer Tómas til geðlæknis og Sigríður Elva tekur lyf við ofvirkni í fyrsta skipti.

FRÁBÆR
ÞRIÐJUDAGUR
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

20:10
**PROJECT GREENLIGHT**
Leikararnir og leikstjórarnir Matt Damon og Ben Affleck leitast við að leiðbeina þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í kvikmyndagerð.




21:05
**EMPIRE**
Önnur þáttaröðin um tónlistarmógúlinn Lucious Lyon og fjölskyldu hans sem lifir og hrærist í tónlistarbransanum þar sem samkeppnin er afar hörð.




21:55
**PUBLIC MORALS**
Sögusviðið er New York á sjöunda áratugnum og fjallað er um líf og störf rannsóknarlögreglumanna í sérstakri siðadeild sem fara stundum vafasamar leiðir.



22:00
**CLOUD ATLAS**
Mögnuð mynd með einvalaliði leikara á borð við Tom Hanks, Halle Berry og Hugh Grant.



21:30
**KLOVN**
Óborganlegir gamanþættir með Casper Christensen og Frank Havn. Þættirnir verða sýndir frá mánudegi til fimmtudags klukkan 21.30.



Krakka stöðin | 19:00
**RÍÓ 2**
Stórskemmtileg teiknimynd um fuglaparið Blu og Jewel sem nú hafa eignast þrjá unga.



©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** The Middle
**08.30** Junior Masterchef Australia
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Sælkeraheimsreisa um Reykjavík
**10.40** Hið blómlega bú 3
**11.15** Suits
**11.55** Lying Game
**12.40** Nágrannar
**13.05** American Idol
**14.25** Mr Selfridge
**15.10** Veep
**15.40** The Amazing Race
**16.30** Weird Loners
**16.50** Surviving Jack
**17.15** Bold and the Beautiful
**17.38** Nágrannar
**18.03** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag.
**19.25** Lóa Pind. Örir Íslendingar
**20.10** Project Greenlight
**20.45** The Big Bang Theory
**21.05** Empire
**21.50** Public Morals
**22.35** The Strain
**23.25** Covert Affairs
**00.10** Grey's Anatomy
**00.50** Blindspot
**01.30** Faces In The Crowd
**03.10** Bones 10
**03.55** Dirty Movie
**05.20** Weird Loners
**05.45** The Middle

## SPORT

**08.35** Ítalski boltinn
**10.15** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**10.40** Markaþáttur Meistaradeildar Evrópu í handbolta
**11.10** Spænsku mörkin
**11.40** Formúla
**14.20** UEFA Europa League
**16.00** UEFA Europa League
**17.40** Evrópudeildarmörkin
**18.30** Dominos deild kvenna
**19.10** Ítölsku mörkin
**19.40** Sheffield Wedn. - Arsenal Bein útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**21.45** MotoGP
**23.00** UFC Unleashed
**23.45** Ítalski boltinn

## SPORT 2

**07.30** Messan
**10.15** Messan
**11.30** Enska 1. deildin
**13.10** Premier League
**14.50** Football League Show
**15.20** Premier League
**17.00** Premier League
**18.45** Premier League Review
**19.40** Sheffield Wedn. - Arsenal Bein útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**21.45** Messan
**23.00** Premier League Review
**23.55** League Cup

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** PGA Tour - Highlights
**08.55** Shriners Open
**11.55** Feherty
**12.40** Herminator Invitational
**13.10** Herminator Invitational
**13.50** Shriners Open
**17.10** PGA Tour - Highlights
**18.05** Golfing World
**18.55** Shriners Open
**22.20** Champions Tour Highligths
**23.15** Golfing World
**00.05** Inside the PGA Tour

## STÖÐ 3

**18.20** Ground Floor
**18.45** 50 Ways to Kill Your Mammy
**19.30** Cristela
**19.55** Project Runway
**20.40** One Born Every Minute
**21.30** Pretty Little Liars
**22.15** Witches of East End
**23.00** Mayday. Disasters
**23.45** Last Ship
**00.30** The Originals
**01.10** Cristela
**01.30** Project Runway
**02.15** One Born Every Minute
**03.05** Pretty Little Liars
**03.45** Witches of East End
**04.25** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**Könnuðurinn Dóra, 07.00, 11.00 og 15.00**



**07.00** Könnuðurinn Dóra
**07.24** Mörgæsirnar
**07.45** Doddi litli og Eyrnastór
**07.55** Leyndarmál vísindanna
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveins
**08.49** Rasmus Klumpur
**08.55** UKI
**09.00** Ævintýri Tinna
**09.23** Brunabílarnir
**09.47** Elías
**10.00** Ljóti andarunginn og ég
**10.25** Latibær
**10.47** Ævintýraferðin
**11.00** Könnuðurinn Dóra
**11.24** Mörgæsirnar
**11.45** Doddi litli og Eyrnastór
**11.55** Leyndarmál vísindanna
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveins
**12.49** Rasmus Klumpur
**12.55** UKI
**13.00** Ævintýri Tinna
**13.23** Brunabílarnir
**13.47** Elías
**14.00** Ljóti andarunginn og ég
**14.25** Latibær
**14.47** Ævintýraferðin
**15.00** Könnuðurinn Dóra
**15.24** Mörgæsirnar
**15.45** Doddi litli og Eyrnastór
**15.55** Leyndarmál vísindanna
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveins
**16.49** Rasmus Klumpur
**16.55** UKI
**17.00** Ævintýri Tinna
**17.23** Brunabílarnir
**17.47** Elías
**18.00** Ljóti andarunginn og ég
**18.25** Latibær
**18.47** Ævintýraferðin
**19.00** Ríó 2

## GULLSTÖÐIN

**17.55** Two and a Half Men
**18.20** Friends
**18.40** New Girl
**19.05** Modern Family
**19.30** Veggfóður
**20.15** Hið blómlega bú
**20.45** Dallas
**21.30** Klovn
**22.00** Fringe
**22.45** Chuck
**23.30** Cold Case
**00.15** Veggfóður
**01.00** Hið blómlega bú
**01.30** Dallas
**02.10** Klovn
**02.40** Fringe
**03.20** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**10.30** Moulin Rouge
**12.40** Diana Mögnuð mynd frá 2013 með Naomi Watts í aðalhlutverkum sem byggð er á sönnum atburðum. Þessi mynd er um tvö síðustu ár Díönu Spencer, prinsessu af Wales, sem jafnan var kölluð prinsessa fólksins en hún lést í bílslysi þann 31. ágúst 1997.
**14.30** Yes Man
**16.15** Moulin Rouge
**18.25** Diana
**20.15** Yes Man Gamanmynd sem fjallar um Carl Allen sem finnst líf sitt standa í stað. Hann ákveður því að skrá sig á sjálfshjálparnámskeið og lærir að segja já við öllu. Hann uppgötvar þó fljótt að vilji hans til að taka á móti hverju einasta tækifæri í lífinu með opnum örmum gæti verið of mikið af hinu góða. Með aðahlutverk fara Jim Carrey, Bradley Cooper og Zoey Deschanel.
**22.00** Cloud Atlas Mögnuð mynd með einvalaliði leikara á borð við Tom Hanks, Halle Berry og Hugh Grant. Fjallað eru um sex sögur á mismunandi tíma og stað sem tengjast saman á margbrotinn hátt. Leikstjóri: Tom Tykwer, Andy Wachowski, Leikarar: Hugh Grant, Tom Hanks, Halle Berry
**00.55** Compliance
**02.25** Longest Week
**03.55** Cloud Atlas

## RÚV

**17.00** Séra Brown
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** Friðþjófur forvitni
**18.18** Millý spyr
**18.26** Sanjay og Craig
**18.50** Svipmyndir frá Noregi
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Verðlaunahátíð Norðurlandaráðs
**20.50** Castle
**21.35** Karlsefni
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Flóttafólkið
**23.15** Brúin
**00.15** Fréttir
**00.30** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Design Star
**09.50** Million Dollar Listing
**10.35** Pepsi MAX tónlist
**13.25** Cheers
**13.50** Dr. Phil
**14.30** Younger
**14.55** Kitchen Nightmares
**15.45** The Good Wife
**16.25** Eureka
**17.05** Reign
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Late Late Show
**19.50** Black-ish
**20.15** Jane the Virgin
**21.00** Blood & Oil
**21.45** Ray Donovan
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** American Odyssey
**00.35** Code Black
**01.20** Quantico
**02.05** Blood & Oil
**02.50** Ray Donovan
**03.35** The Tonight Show
**04.15** The Late Late Show
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# DORMA
Láttu drauminn rætast

# Við eigum afmæli og nú er veisla

ÓTRÚLEGT VERÐ



## NATURE'S REST heilsurúm

Nature's Rest heilsu-dýna með Classic botni.
Stærð: 100x200 cm.

**Fullt verð: 72.900 kr.**

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn, val um 3 liti
- 320 gormar pr. fm²
- Góðar kantstyrkingar

25% AFSLÁTTUR af 100 x 200 cm á meðan birgðir endast.

Aðeins **54.675 kr.**

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á botni.



## OSLO rúmgafl

Rúmgafl fæst í stærðunum: 120, 140, 160, 180 cm. í mismundandi áklæði. Verð að neðan miðað við rúmbreidd 120 cm.

**Fullt verð: 39.900 kr.**

20% AFSLÁTTUR

Aðeins **31.920 kr.**

## HELSINKI rúmgafl

Rúmgafl fæst í svörtu PU leðri, hvítu og í gráu áklæði. Stærðir: 120, 140, 160, 180 cm. Verð að neðan miðað við rúmbreidd 120 cm.

**Fullt verð: 39.900 kr.**



20% AFSLÁTTUR

Aðeins **31.920 kr.**

Afmælis-stóllinn



## POLO hægindastóll

Svart og brúnt leður á slitflötum.
80x90 H:105 cm.

**Fullt verð: 39.900 kr.**

Aðeins **19.950 kr.**



KLASSÍSK hönnun

## Boogie 3ja sæta

Slitsterkt áklæði. Grár, appelsínugulur og brúnn. Væntanlegur í fleiri litum.
Stærð: 186 x 77 cm, H: 85 cm.

**Verð: 99.900 kr.**

DORMA **VERÐ**

## TVENNUTILBOÐ dúnsæng + koddi

QUILTS OF DENMARK

**O&D dúnsæng – Stóri björn**
- 50% dúnn og 50% smáfiður

**Fullt verð: 19.900 kr.**

**+ Dúnkoddi – Stóri björn**
**Fullt verð: 5.900 kr.**

**Fullt verð samtals: 25.800 kr.**



AFMÆLIS-TILBOÐ

Aðeins **19.900 kr.**

## NATURE'S COMFORT heilsurúm

Nature's Comfort heilsudýna með Classic botni.
Stærð: 180x200 cm.

**Fullt verð: 164.900 kr.**

Nature's Bedding

Aðeins **123.675 kr.**



25% AFSLÁTTUR

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á botni.

**Holtagörðum**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100

**Afgreiðslutími**
Mánudaga til föstudaga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

**www.dorma.is**

# Smekkbuxur, glanskjóll og Íslandsvinur

**MTV Europe Music Awards** fór fram með pompi og prakt á sunnudaginn í Mílanó. Meðal þeirra sem stigu á svið voru Íslandsvinurinn Justin Bieber og söngkonan Ellie Goulding.



Pharrell Williams flutti lagið Freedom íklæddur smekkbuxum og með derhúfu.



Jason Derulo lagði sig allan fram við flutninginn á nýjasta smelli sínum, Want to Want Me.



**Tiny Tempah** mætti í sínu fínasta pússi og skellti í þessa fínu pósu fyrir ljósmyndara.



Söngkonan Ellie Goulding kom fram á hátíðinni og flutti nokkur lög.



**Charli XCX** lét sig ekki vanta á hátíðina og stillti sér að sjálfsögðu upp á rauða dreglinum í þessum fína glanskjól.



Mark Ronson gerði sér lítið fyrir og lyfti þumlinum fyrir spenntan aðdáanda, sem tók af þeim mynd.



Ed Sheeran var kynnir hátíðarinnar í ár en söngvarinn Justin Bieber vann til alls fimm verðlauna og því ærið tækifæri til þess að skála.




Í REYKJAVÍK VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA!
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á TIX.IS
SÉRSTAKIR GESTIR
GUNNAR ÞÓRÐARSON
ÞÓRIR BALDURSSON
BARNABÖRN RÚNARS
HÁSKÓLABÍÓ
31. OKTÓBER
RÚNAR
70
JÚL
SVEITAPILTSINS
DRAUMUR
EYÞÓR INGI · MAGNI · VALDIMAR · SALKA SÓL
SÖGUMAÐUR BALDUR ÞÓRIR GUÐMUNDSSON TROMMUR JÚLÍUS FREYR GUÐMUNDSSON
BASSI INGI BJÖRN INGASON GÍTARAR TRYGGVI HUBNER · BIRKIR RAFN GÍSLASON · BJÖRGVIN ÍVAR BALDURSSON
BAKRÖDD LILJA BJÖRK RUNÓLFSDÓTTIR MYNDSKREYTINGAR DAVÍÐ ÖRN ÓSKARSSON
ORGEL OG HLJÓMSVEITARSTJÓRN JÓN ÓLAFSSON
MIÐASALA FER FRAM Á TIX.IS OG Í SÍMA 551-3800.
NÁNAR Á SENA.IS/RUNAR
sena






*Gildir fyrir eina áskrift. Viðskiptavinir sem taka þessu tilboði fyrir 1. nóvember halda þessum kjörum í eitt ár.



Auðunn Lúthersson gefur út sitt fyrsta myndband í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Lagið fjallar um að sakna kærustunnar

Auðunn Lúthersson sendir frá sér nýtt myndband í dag. Hann undirbýr sig andlega fyrir Frakklandsferð, þar sem hann mun taka þátt í Red Bull Music Academy. Hann kemur einnig fram á Iceland Airwaves.

Þetta er fyrsta myndbandið sem ég sendi frá mér," segir tónlistarmaðurinn Auðunn Lúthersson, en í dag fer myndbandið við lagið South America í spilun. Myndbandið var frumsýnt á Prikinu í gærkvöldi og mun eflaust vekja mikla athygli, enda Auðunn upprennandi tónlistarmaður. Í næsta mánuði fer hann til Frakklands, þar sem hann tekur þátt í hinni vinsælu tónlistarakademíu sem kennd er við Red Bull. Þaðan hafa margar stjörnur stigið stórt skref í átt að góðum frama innan tónlistarheimsins.

### Allt í einni töku

„Ég gerði myndbandið í samstarfi við Árna Beintein vin minn. Það er tekið upp á Þjóðarbókhlöðunni. Ég var búinn að vera með þessa hugmynd í maganum í nokkurn tíma og er mjög ánægður með útkomuna," útskýrir Auðunn. Athygli vekur að myndbandið er ein löng sena og má með sanni segja að ástin blómstri fyrir aftan Auðun. Inntakið í laginu er einmitt ástin, en lagið var samið þegar kærasta hans var í öðrum heimshluta. „Lagið er hluti af plötu sem ég er með tilbúna og er samin yfir tímabil þar sem kærastan mín var í reisu um Suður-Ameríku. Ég bjó þarna einn í alltof stóru húsi í Hafnarfirðinum, því foreldrar mínir búa í Bandaríkjunum. Ég var aleinn og vesæll. Þá kviknar á skáldskapargyðjunum, heldur betur," segir Auðunn.

> LAGIÐ ER HLUTI AF PLÖTU SEM ÉG ER MEÐ TILBÚNA OG ER SAMIN YFIR TÍMABIL ÞAR SEM KÆRASTAN MÍN VAR Í REISU UM SUÐUR-AMERÍKU. ÉG BJÓ ÞARNA EINN Í ALLTOF STÓRU HÚSI Í HAFNARFIRÐINUM, ÞVÍ FORELDRAR MÍNIR BÚA Í BANDARÍKJUNUM. ÉG VAR ALEINN OG VESÆLL. ÞÁ KVEIKNAR Á SKÁLDSKAPARGYÐJUNUM, HELDUR BETUR.

> NEI, ÉG ER EKKI FARINN PAKKA, EN ÉG ER FARINN AÐ UNDIRBÚA MIG ANDLEGA. ÞETTA VERÐUR ROSALEG TÖRN, TVEGGJA VIKNA KEYRSLA. ÉG HEF HEYRT MIKIÐ UM HVERSU STÍFT PÓGRAM ÞETTA VERÐUR OG ER ÞVÍ BARA AÐ GÍRA MIG UPP Í ÞAÐ.

### Undirbýr sig andlega

Auðunn er ekki byrjaður að pakka fyrir ferðina til Frakklands, en hann mun dvelja í París á meðan hann tekur þátt í Red Bull-akademíunni. Stjörnur á borð við Aloe Blacc og Hudson Mohawke hafa útskrifast úr Akademíunni. Auðunn verður í tvær vikur í París og mun sitja fyrirlestra hjá goðsögnum í franskri tónlist auk þess að koma fram á sýningarkvöldum. „Nei, ég er ekki farinn að pakka, en ég er farinn að undirbúa mig andlega. Þetta verður rosaleg törn, tveggja vikna keyrsla. Ég hef heyrt mikið um hversu stíft prógramm þetta verður og er því bara að gíra mig upp í það."

### Frumflytur efnið á Airwaves

Næst á döfinni hjá Auðuni er Iceland Airwaves. „Þar mun ég frumflytja allt efnið á nýju plötunni. Ég verð í Tjarnarbíói föstudagskvöldið 6. nóvember. Ég verð með Baldvin Snæ Hlynsson með mér, sem er ákaflega efnilegur hljóðfæraleikari. Við ætlum að hafa „live element" í þessu, þó svo að tónlistin sé elektrónísk í grunninn." Tónlist Auðuns má skilgreina sem R&B, nánar tiltekið PB R&B, sem er kennt við bjórinn Pabst Blue Ribbon, sem er vinsæll á meðal hipstera. Þannig má í raun segja að þetta sé eins konar „hipstera-R&B-tónlist". Myndbandið við South America má nálgast á Vísi síðar í dag.

**kjartanatli@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


Láttu hjartað ráða
Ítalska ólífuolían mín er kaldpressuð úr lífrænt rækt-uðum ólífum. Góð jafnt innvortis sem útvortis.
Solla
10
Tíu krónur af hverri seldri Himneskt vöru í október renna til Alzheimerfélagsins
FAAS
JÓMFRÚAR
Ólífuolía
KALDPRESSUÐ
LÍFRÆNT
HIMNESKT
BONUS
HAGKAUP
HIMNESKT

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póstdreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar



# Samfarir okkar Dollíar Parton

Enginn skyldi vefengja Paulo Coelho þegar hann segir að þú feykir ósk þinni til alheimsins sem síðan reynir að láta hana rætast. Vandinn er hins vegar sá að við erum orðin svo áhrifagjörn að við megum ekki sjá eina bíómynd þá rignir alls konar hégómlegum óskum yfir alheiminn. Hann hefur því varla undan. Þá fer hann að ruglast svo að sá sem vildi verða dýralæknir verður kannski bara fjármálaráðherra.

Þetta gengur ekki því alheimurinn má ekki bara einhenda sér í að uppfylla óskir manna um leið og honum berst erindið. Hann verður að vinna smá undirbúningsvinnu fyrst. Ímyndið ykkur til dæmis ef hann myndi drífa sig í að láta gamla drauminn hans Guðmundar Steingrímssonar rætast, þá fengi Framsóknarflokkurinn nýjan formann á morgun.

Eins og gefur að skilja er vitund Guðmundar upptekin af því að koma í veg fyrir afgreiðslu þessa máls og kemst því ekki til þess að óska sér að nýju. Og á meðan hrynur fylgi Bjartrar framtíðar.

Þráinn Bertelsson lenti líka illa í því þegar búið var að láta kvikmynda- og rithöfundardrauma hans rætast. Þá kom alheimurinn allt í einu auga á eldgamalt erindi frá listamanninum sem hann hafði líklega sent inn í hálfkæringi eftir að hafa hlustað á Einar Olgeirsson í ham. Málið fór í gegn og Þráinn fór á þing.

Ég hef miklar áhyggjur af gömlum óskum eins og þessum. Ég lagði nefnilega hart að alheiminum að láta þær rætast á sínum tíma. Sumar óskirnar voru meira að segja mjög vanhugsaðar og hirti ég ekki um hversu erfitt yrði fyrir alheiminn að uppfylla þær. En vandinn er sá að honum tekst það venjulega fyrr eða síðar. Kannski á maður ekkert að vera að stressa sig á þessu en mig grunar þó sterklega að samfarir okkar Dollíar Parton verði ekki eins ánægjulegar og efni stóðu til.







